









FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
29. desember 2008 — 355. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

**Iceland þýðir gjaldþrot**
Orðið Iceland fær nýja merkingu.
FÓLK 26



**Sömu hagsmunamálin**
Útvegsmannafélag Norðurlands kveður aldarafmælisár sitt.
TÍMAMÓT 20



**Tónleikar fyrir eldri borgara**
Fjölmargar gamlar hetjur sóttu landið heim.
FÓLK 24

**Stjarnan og Fram unnu**
Kvennalið Stjörnunnar og karlalið Fram urðu N1-deildarbikarmeistarar í gær.
ÍÞRÓTTIR 30



## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐAST MILT** Í dag verður sunnan strekkingur norðvestan og vestan til, annars hægari. Rigning á Vestfjörðum, hætt við súld sunnan til og vestan, annars yfirleitt bjart veður. Frost til landsins eystra, annars milt.
VEÐUR 4

# Arðsemismat mögulega endurskoðað

**Heimsmarkaðsverð á áli hefur lækkað úr 3.300 dollurum í 1.500 dollara á hálfu ári. Lækkunin hefur bein áhrif á íslensku orkufyrirtækin. Líklegt er að arðsemismat vegna Kárahnjúkavirkjunar verði endurskoðað vegna lækkandi álverðs.**

**ORKUMÁL** Gríðarleg lækkun hefur orðið á álverði undanfarna mánuði, og kemur til greina að arðsemismat vegna Kárahnjúkavirkjunar verði endurskoðað vegna þessa. Verð á raforku til stóriðju er tengt álverði, og hefur því lækkandi álverð lægri tekjur í för með sér fyrir orkufyrirtæki.

„Ég held að það sé ekki ólíklegt að arðsemismatið [á Kárahnjúkavirkjun] verði endurskoðað,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Það hafi verið rætt, en engin ákvörðun tekin.

Upphaflega var talið að arðsemi eigin fjár vegna virkjunarinnar yrði um 11,9 prósent. Þar var miðað við að heimsmarkaðsverð á áli væri að meðaltali um 1.550 dollarar á tonnið. Nú er verðið komið niður í 1.500 dollara, og hefur hrunið úr um 3.300 dollurum í júlí.

Landsvirkjun endurskoðaði arðsemismatið í janúar 2008. Þá var arðsemi eigin fjár metin um 13,4 prósent. Helsta ástæðan fyrir þessari aukningu var hærra heimsmarkaðsverð á áli.

„Tekjur Landsvirkjunar hafa lækkað á síðustu mánuðum ársins. Landsvirkjun er þó með varnarsamninga sem verja fyrirtækið fyrir hluta lækkunarinnar. En þetta hefur neikvæð áhrif og það segir sig sjálft að við viljum hafa álverð hærra,“ segir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar.

Þorsteinn segir að lægri fjármagns- og vaxtakostnaður vegi að einhverju leyti upp á móti lækkandi álverði. Landsvirkjun noti dollara sem starfrækslumynt, og því hafi lágir stýrivextir í Bandaríkjunum góð áhrif.

Sveiflur á álverði eru algengar, og þarf því að áætla hvert verðið verður til lengri tíma þegar arðsemi af stórum framkvæmdum eins og Kárahnjúkavirkjun er metin, segir Þorsteinn. **- bj, kóp**




**MÓTMÆLI Í PARÍS** Meira en þúsund manns komu saman í París í gær til að mótmæla loftárásum Ísraela á Gazasvæðið, sem kostað hafa nærri 300 manns lífið um helgina. Sjá síðu 4
NORDICPHOTOS/AFP

Ísland er vinsælt til tannviðgerða vegna hagstæðs gengis krónunnar:

# Sækja tannviðgerðir til Íslands

**VINNUMARKAÐUR** Tannlæknar búa sig nú undir komu útlendinga í stólinn hjá þeim, þar sem gengisþróun hefur gert tannviðgerðir á Íslandi fýsilegan kost. Þá hafa augnlæknar orðið varir við aukinn áhuga á starfsemi þeirra að utan.

Ingibjörg Sara Benediktsdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir þessa þróun jákvæða, ekki veiti af gjaldeyrinum. Áður fyrr tíðkaðist að Íslendingar færu út í ódýrar tannlækningar, en Ingibjörg segir það hafa verið í litlum mæli. Staðan nú sé hins vegar allt önnur. „Við erum örugglega með ódýrustu tannlækningarnar á Norðurlöndunum eins og staðan er í dag út af genginu.“

Kreppan hefur ekki enn dregið úr aðsókn Íslendinga í tannlækningar, að mati Ingibjargar, þó kannski hafi dregið úr stærri verkefnum. Það geti þó breyst.

„Við höfum ekki orðið vör við samdrátt enn þá en eigum von á honum eins og aðrar stéttir. En það verður ekkert atvinnuleysi hjá okkur, enda er verið að biðja um tannlækna í Noregi. Þar eru fimmtíu stöður lausar.“ **- fb, kóp**



**LAURA BUSH** Er þess fullviss að fólk muni átta sig á ágæti eiginmannsins.

Laura Bush forsetafrú:

## Trúir á verk eiginmannsins

**BANDARÍKIN, AP** Laura Bush, eiginkona George W. Bush Bandaríkjaforseta, segist sannfærð um að seinni kynslóðir eigi eftir að átta sig á ágæti verka eiginmanns hennar.

„Ég held að kynslóðirnar muni brátt fara að þakka þessum forseta fyrir það sem hann hefur gert. Þessi kynslóð mun gera það,“ sagði hún í sjónvarpsviðtali í gær.

Meðal annars telur hún Bush forseta hafa lagt grunninn að stofnun Palestínuríkis, og hún segir að maðurinn, sem kastaði skó í Bush í Írak nýverið, hafi sýnt að „Írökum finnst þeir hafa mun meira frelsi til að tjá sig“. **- gb**

Handtekinn fyrir mannrán:

## Kona fannst í skotti bifreiðar

**BRETLAND, AP Lögreglan í Skotlandi fann á föstudag konu sem hafði verið bundin í skotti bifreiðar sinnar í allt að tíu daga.**

**Þrjátíu og fimm ára gamall maður hefur verið handtekinn, grunaður um mannrán.**

**Lögreglan segir að konan, sem er hjúkrunarkona að nafni Magdeline Makola, hafi síðast sést 15. desember, en tilkynnt hafi verið um hvarf hennar þegar hún mætti ekki til vinnu 18. desember.**

**Hún er nú á sjúkrahúsi, en mesta mildi þykir að frekar hlýtt hefur verið í veðri miðað við árstíma.** **- gb**



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið
Allt sem þú þarft... ... alla daga
Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.









## SPURNING DAGSINS



*Aron Pálmi, ætlarðu að taka Jailhouse Rock í úrslitaþættinum?*

„Já, kannski. Þá vinn ég pottþétt.“

Aron Pálmi Ágústsson, sem sat árum saman í fangelsi í Bandaríkjunum, hefur lýst því yfir að hann ætli að vinna Idol-keppnina á næsta ári.

Sjóðir til viðgerðar á turni Hallgrímskirkju hafa verið tæmdir:

# Treysta á Guð og lukkuna

**FRAMKVÆMDIR** Sjóðir Hallgrímskirkju til að ljúka viðgerðum á steypuskemmdum á turni kirkjunnar eru tómir. Ljóst er að viðgerðin verður mun dýrari en áætlað var í fyrstu. Framkvæmdum á að ljúka í október, samkvæmt áætlun, en það er háð því að ríki og borg hlaupi undir bagga með að fjármagna verkið.

Jón Dalbú Hróbjartsson, prestur í Hallgrímskirkju, segir að enn sé unnið að fullum krafti og starfsfé dugi fram í febrúar. „Við trúum því að hægt verði að halda áfram með tilstyrk ríkis og Reykjavíkurborgar.“ Til að það takist þurfi að lengja í lánum í stað þess að taka ný lán.

Jón segir að gengið hafi verið út frá því í byrjun að kostnaður við viðgerðir á kirkjuturninum næmi um 250 milljónum króna. „Það hefur síðan komið í ljós að viðgerðin fer töluvert fram úr þeirri áætlun, þó ekki sé ljóst hversu mikill sá aukakostnaður verður. Við trúum því að verkið verði klárað því enginn vill hafa landmark Reykjavíkur í þessu ástandi lengur en þörf krefur.“

Skemmdirnar eru mestmegnis veðrunar- og frostskemmdir. Fjármögnun verksins var upphaflega í samstarfi við ríkissjóð, Reykjavíkurborg og þjóðkirkjuna. - shá



**HALLGRÍMSKIRKJA** Skemmdir á turninum reyndust vera mun meiri en upphaflega var talið. Verklok eru áætluð í október. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Háttsettur ráðgjafi forseta:

# Sómalíuforseti hættir í dag

**SÓMALÍA, AP** Abdullahi Yusuf, forseti Sómalíu, mun segja af sér í dag að sögn eins ráðgjafa hans. Hann muni greina þinginu frá þessari ákvörðun í dag.

Abdirashid Sed sagði frá þessu í gær en hann er hæst setti maðurinn sem hingað til hefur tjáð sig um framtíð forsetans. Yusuf ætlar að hætta til þess að standa ekki í vegi fyrir friði í landinu. Staða hans hefur þótt óviss frá því að þingið kom í veg fyrir að honum tækist að reka forsætisráðherrann, sem hefur lýst yfir vilja til friðarviðræðna milli stríðandi fylkinga í borgarastríðinu sem ríkir í landinu. - þeb

Flugumferðarstjórar:

# Vilja leysa deilu fyrir áramót

**SAMGÖNGUMÁL** Reynt verður að leysa deilu samgönguyfirvalda og Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) á fundi í dag. Loftur Jóhannsson, formaður FÍF, segir fulltrúa samgönguyfirvalda hafa unnið að undirbúningi viðræðna um helgina. Reyna á að leysa málið fyrir áramót.



LOFTUR JÓHANNSSON

Flugumferðarstjórar eru ósáttir við að störf þeirra eigi að færast til Keflavíkurflugvallar ohf. um áramót án samráðs við þá. Krefjast þeir þess að Keflavíkurflugvöllur ohf. geri sambærilegan samning við félagsmenn um lífeyrismál og Flugstoðir ohf. gerðu árið 2007. - bj

Íslendingum fjölgar ótt:

# Mesta fjölgun í allri Evrópu

**MANNFJÖLDI Íslendingum fjölgaði um 2,2 prósent á síðasta ári og 1. desember voru þeir orðnir 319.756. Hvergi í Evrópu er jafnmikil mannfjölgun og hér á landi.**

**Undanfarin fjögur ár hefur fólksfjölgun orðið óvenju mikil hér á landi. Mest var hún árið 2006, þegar landsmönnum fjölgaði um 2,6 prósent. Jafnmikil fjölgun hefur ekki verið hér síðan um miðbik sjöunda áratugar síðustu aldar.**

**Fram undir 1980 skýrðist fólksfjölgun fyrst og fremst af fæddum umfram dána. Síðustu árin er hún hins vegar fyrst og fremst rakin til mikils aðstreymis fólks frá útlöndum.** - kóp

# Kaldur í sálinni eftir jólanætur í hesthúsi

**Rúmur helmingur hrossanna sem veiktust heiftarlega á Kjalarnesi fyrir viku er dauður. Nokkur eru enn veik. Árni Páll Árnason þingmaður hefur misst einn hest og á annan fársjúkan. Hann hefur varið stórum hluta jólanna í hesthúsinu.**

**DÝRAHALD** „Það er hræðilega dapurlegt þegar þetta er að drepast í höndunum á manni,“ segir þingmaðurinn Árni Páll Árnason, sem hefur varið drjúgum hluta jólanna í hesthúsi í Mosfellsbæ að hjúkra fársjúkum hestum og hjálpa til við að aflífa þá. Hann hefur misst einn hest og á annan við dauðans dyr.

Nú eru 22 hestar dauðir vegna salmonellusýkingarinnar sem kom upp fyrir viku á Kjalarnesi. Þrjú til fjögur hross til viðbótar eru alvarlega veik, en hin eru á batavegi. Alls var 41 hross í stóðinu sem veiktust.

Talið er fullvíst að sýkingin hafi borist úr settjörn í bithaganum, en í henni greindist salmonella.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Árni fór fyrst að huga að hestunum síðla á aðfangadagskvöld og sat við langt fram á jólanótt. Síðan hefur hann farið daglega upp í hesthús með Sigrúnu konu sinni, jafnvel oft á dag, og eytt þar mörgum nóttum. „Þetta hefur verið alveg furðuleg lífsreynsla, og er ekki búin enn þá,“ segir Árni, sem var á leið í Mosfellsbæinn í gærkvöldi í þriðja sinn í gær.

Á annan jóladag missti Árni hestinn Asa, sem var orðinn sextán vetra gamall og hafði fylgt honum í sjö ár. Hinn, Áki, er átta vetra og tvísýnt er um örlög hans. „Þetta er enn djöfulli dapurlegt því maður reynir og reynir en hefur ekki enn séð neinn árangur hjá sínum eigin hrossum. En maður sér þó árangur hjá annarra manna hrossum sem maður hefur hjálpað til við að koma á lappir.“

Árni segist aldrei hafa upplifað annað eins. „Það var sérstaklega erfitt þegar maður var að bera út svona þrjú til fimm á dag. Maður verður svolítið kaldur í sálinni við það,“ segir hann. „Það er búið að vera alveg með ólíkindum að horfa upp á þetta. Þetta eru svo fárveik dýr.“

Og Árni er ekki alls kostar sáttur við hvernig tekið var á málum. „Ég er svolítið hissa á hvað viðbrögð yfirvalda voru bæði fálmkennd og hæg í byrjun. Það skorti á samhæfingu og að það væri sett á einhver verkefnisstjórn,“ segir hann en bendir þó á að menn hafi aldrei þurft að eiga við eins stóra sýkingu. Skoða þurfi málið þegar rykið er sest.

Árni var vongóður áður en hann hélt af stað í gærkvöldi. „Maður kemur sér nú upp ákveðnu æðruleysi í þessu en auðvitað vonast maður til að geta hnoðað í þetta lífi.“ stigur@frettabladid.is



**SÓTTKVÍ** Hlúð er að hrossunum í húsi í Mosfellsbæ. Af ótta við smit hefur húsið verið girt af. Flest eftirlifandi hrossa eru á batavegi. FRÉTTABLAÐIÐ / DANÍEL

# Lést í bílslysi

Konan sem lést í bílslysi við Reykjanesbraut á laugardaginn hét Freyja Sigurðardóttir, til heimilis að Burknavöllum 17b í Hafnarfirði. Hún var fædd 31. maí 1948 og lét eftir sig tvær uppkomnar dætur, barnabörn og unnusta.



**SKELFDUR KÖTTUR** Flest dýr hræðast mjög sprengingar og ljósleiftur áramótanna. Dæmi eru um að þau hlaupist að heiman. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Ferfætlingar hræðast áramót:

# Draga skal úr álagi á dýrin

**DÝRAHALD Hafa þarf sérstaka gát á dýrum um áramótin vegna hræðslu þeirra við flugelda, að því er fram kemur í tilkynningu frá Dýraverndarsambandi Íslands. Kveikja skal ljós þar sem gæludýr eru innandyra til að minna beri á leiftrum, loka gluggum og forðast eftir megni að sprengja flugelda í námunda við dýr.**

**„Flest dýr hræðast slíkan ljósagang, hávaða og lykt, hvort sem þau eru gæludýr eða búfé og trúlega ennig villt dýr.“ Fólk eigi að „gera allt sem það getur til þess að draga úr því álagi sem dýrin verða fyrir.“** - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta í Öxarfirði

Tvær ungar konur sluppu með lítils háttar meiðsli úr bílveltu á laugardagskvöld. Þær voru á austurleið þegar ökumaðurinn missti stjórn á bílnum við afleggjarann að Ærlækjarseli, svo að bíllinn valt.






Stuðningsmenn Thaksins Shinawatra krefjast kosninga:

# Mótmæli í Taílandi enn á ný

**TAÍLAND, AP** Þúsundir manna héldu út á götur Bangkok í gær til að mótmæla ríkisstjórn landsins, en að þessu sinni voru það ekki andstæðingar Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, sem stóðu að mótmælunum, heldur stuðningsmenn hans.

Mótmælendur sögðust ætla að fjölmenna fyrir utan þinghús borgarinnar í dag, en hétu því að hindra ekki störf þingsins.

„Jú, við ætlum að fara til þingsins, en við ætlum að leyfa þingmönnum að fara inn og út,“ sagði Korkaew Pikunthong, einn leiðtoga mótmælenda.

Samtök mótmælendanna nefna sig Lýðræðisbandalag gegn einræði, og boða margs konar mótmælaaðgerðir allt þar til Abhisit Vejjajiva forsætisráðherra leysir upp þing og boðar til nýrra kosninga. Mótmælendur segja að í reynd hafi hann komist til valda með stjórnarbyltingu fyrr í þessum mánuði.

Vejjajiva tók við sem forsætisráðherra eftir langvinn mótmæli andstæðinga Thaksins gegn stjórn landsins. Thaksin var steypt af stóli í herforingjabyltingu haustið 2006, en flokksbræður hans náðu völdum á ný strax og herforingjastjórnin efndi til kosninga í desember 2007. - gb



**RAUÐAR SKYRTUR Í STAÐ GULRA** Í stað gulklæddu mótmælendanna, andstæðinga Thaksins Shinawatra, eru nú komnir rauðklæddir stuðningsmenn hans út á götur Bangkok að mótmæla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Gleðilegt ár!
Þökkum frábærar viðtökur á árinu.
Við óskum viðskiptavinum okkar þess að eiga í góðum samskiptum
á árinu 2009 og minnum á að hjá okkur kostar það ekki krónu.
0 kr. Nova í Nova í alla sem þú þekkir og líka þá sem þú
þekkir ekki hjá Nova.
Starfsfólk Nova óskar landsmönnum öllum
gæfu og gleði á nýju ári!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 23.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,82 | 124,42 |
| Sterlingspund | 183,13 | 184,03 |
| Evra | 173,12 | 174,08 |
| Dönsk króna | 23,218 | 23,354 |
| Norsk króna | 17,625 | 17,729 |
| Sænsk króna | 15,801 | 15,893 |
| Japanskt jen | 1,3753 | 1,3833 |
| SDR | 191,00 | 192,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,8308

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geisladiskur með háðsádeilu á Barack Obama umdeildur hjá repúblikönum:

# Lag ýfir kynþáttaáhyggjur

**BANDARÍKIN, AP** Geisladiskur, sem Chip Saltsman, repúblikani frá Tennessee, sendi félögum sínum í landsnefnd Repúblikanaflokksins um jólin ætlar að draga dilk á eftir sér. Á disknum var að finna lag grínistans Paul Shanklin, sem þykir heldur íhaldssamur, Barack, the Magic Negro. Í laginu, sem sungið er við gamla hippaslagarann Puff, the Magic Dragon, er kynþáttauppruni Obama dreginn í efa.

Saltsman sækist nú eftir útnefningu sem formaður landsnefndarinnar. Núverandi formaður, Robert M. Duncan, hefur sagst vera yfir sig hneykslaður á sendingunni.



**OBAMA** Kynþáttur hans er ekki öllum Bandaríkjamönnum að skapi og nú hefur lag sem fjallar um hann vakið deilur í Repúblikanaflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saltsman, sem áður vann fyrir Mike Huckabee sem sóttist eftir útnefningu flokksins til forsetaframboðs, hefur hins vegar varið lagið og sagt það vera eina af fjölmörgum græskulausum pólitískum háðsádeilum.

„Ég trúi því í einlægni að allir Bandaríkjamenn séu velkomnir í flokkinn okkar og leiðin til endurreisnar Repúblikanaflokksins hefjist með einingu, ekki sundrungu. En ég veit að leiðtogar flokksins eiga að standa gegn tvöföldu siðgæði fjölmiðla og neita að fullnægja þörf þeirra fyrir hneyksli," sagði Saltsman.

Talsmaður Obama, sem tekur við embætti í janúar, neitaði að tjá sig um málið. - kóp

Sjálfsmorðsárás í Afganistan:

# Fjórtán börn létust í árás

**AFGANISTAN, AP** Fjórtán börn á aldrinum 8 til 10 ára létust í sjálfsmorðsárás í Khost í Afganistan í gær, samkvæmt bandaríska hernum. Afganskur hermaður og öryggisvörður létust einnig í árásinni. Um sextíu manns til viðbótar særðust.

Árásarmaðurinn sprengdi sig í loft upp í námunda við barnaskóla og lögreglu- og herstöð. Talið er að hann hafi ætlað að ráðast á fund öldunga úr Pastúna-ættbálkinum.

Á laugardag létust þrjár unglingsstúlkur í eldflaugaárás í Kabúl. Þá létust tveir kanadískir hermenn og tveir Afganar í vegsprengingu á laugardag. - þeb

Skipun sérstaks saksóknara:

# Umsóknarfrestur að renna út

**DÓMSMÁL** Frestur til að sækja um stöðu sérstaks saksóknara sem rannsaka á aðdraganda bankahrunsins rennur út í dag. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra mun skipa í embættið frá 1. janúar næstkomandi.



**BJÖRN BJARNASON**

Þegar skipað verður í embættið ber sérstaka saksóknaranum að birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum og skuldir við þau. Þá þarf hann einnig að upplýsa um starfsleg tengsl hans sjálfs, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstöðum í fjármálafyrirtækjum. - bj

# Árásir á Gaza fordæmdar

**Víða um heim kom fólk saman til að fordæma loftárásir Ísraela á Gazasvæðið. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna skorar á Ísraela og Palestínumenn að leggja niður vopn. Tugir kvenna og barna meðal hinna látnu.**

**GAZABORG, AP** Ísraelar héldu í gær áfram loftárásum á Gazasvæðið, sem hófust á laugardag og hafa kostað nokkur hundruð manns lífið. Þetta eru mannskæðustu árásir Ísraela á Palestínumenn síðan í stríðinu 1967.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman í gær. Ráðið sendi frá sér yfirlýsingu þar sem það lýsti yfir miklum áhyggjum af ástandinu og skorar á bæði Ísraela og Palestínumenn að leggja niður vopn þegar í stað.

Þá segir Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, að árásir Ísraelshers á Gazasvæðið séu í engu samræmi við sprengjuflaugaárásir Hamas-samtakanna á Ísraela. Hún hvetur Ísraela til að forðast hóprefsingar og beina ekki árásum sínum að almennum borgurum.

Palestínsk mannréttindasamtök fullyrtu að tuttugu börn og níu konur hefðu verið meðal um 250 látinna, sem þau höfðu aflað sér upplýsinga um. Samtökin segja þó erfitt að halda tölur yfir mannfallið, vegna þess hve mikil ringulreið er á sjúkrahúsum.

Árásunum hefur verið mótmælt víða um heim. Bæði stjórnvöld og almenningur hafa látið í ljós andúð sína á þessum hernaði.

Í London söfnuðust um 700 manns saman fyrir utan ísraelska sendiráðið til að sýna andstöðu sína. Í París söfnuðust um 1.300 manns saman í Barber-hverfi, þar sem íbúarnir eru margir hverjir arabískir að uppruna. Einnig efndu um 150 manns til mótmæla við Sigurbogann.

Í Mið-Austurlöndum, allt frá Líbanon til Írans, hefur fólk safnast saman þúsundum saman til að fordæma árásirnar. Forsætisráðherra Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, sagði árásirnar vera glæp gegn mannkyni.



**Í RÚSTUNUM** Særðum Palestínumanni hjálpað burt úr rústum byggingar eftir loftárás Ísraela á borgina Rafah á Gazaströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í gær var árásunum einkum beint að jarðgöngum undir landamæri Gazasvæðisins og Egyptalands, sem meðal annars hafa verið notuð til að smygla vopnum yfir á Gazasvæðið, en einnig hafa íbúar á Gaza notfært sér þessa leið til að útvega sér brýnustu nauðsynjar, sem ekki hefur verið hægt að flytja inn á svæðið með öðrum hætti.

Landamæramúrinn milli Egyptalands og Gazasvæðis var rifinn niður á nokkrum köflum og fólk streymdi yfir hundruðum saman. Sums staðar kom til átaka við egypska landamæraverði, og hlaust eitthvert mannfall af.

Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, segir að árásirnar hafi verið gerðar vegna þess að stjórnendur Hamas-samtakanna væru að smygla inn vopnum og byggja upp „lítinn her". Hún ítrekaði hins vegar að markmið Ísraela væri ekki að hertaka Gazasvæðið á ný.

Þrátt fyrir það ákvað ríkisstjórn Ísraels í gær að kalla til 6.500 manna varalið í herinn til að undirbúa hugsanlega árás á landi inn á Gazasvæðið. gudsteinn@frettabladid.is



**SVARAÐ MEÐ GRJÓTI** Palestínumaður með slöngu að vopni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## GANA

### Áfallalausar kosningar

Seinni umferð forsetakosninga í Gana virtust hafa gengið friðsamlega og vel fyrir sig, eftir því sem kosningaeftirlitsmenn og stjórnmálaskýrendur segja. John Kuofor lætur af embætti eftir tvö kjörtímabil, þannig að þetta er í annað sinn sem leiðtogaskipti í landinu fara fram með friðsamlegum hætti.

## EGYPTALAND

### Lögreglumenn reknir

Í Egyptalandi hafa 280 lögreglumenn verið reknir og ákærðir fyrir að hafa brotið mannréttindi í starfi. Auk þess hafa á tólfta hundrað lögreglumanna verið reknir fyrir að hafa brotið af sér í starfi og misnotað völd sín. Mannréttindasamtök segja pyntingar daglegt brauð í fangelsum.


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**OG ENN AF ÁRAMÓTAVEÐRINU**

Veðrið um sjálf áramótin er nú farið að taka á sig nokkuð skýra mynd. Strekkingsvindur verður á annesjum allra syðst, annars hægur vindur. Stöku él verða á Vestfjörðum og annesjum nyrðra, dálítil rigning eða slydda suðaustan til, annars úrkomulítið eða úrkomulaust.




**Á MORGUN** 8-13 m/s norðan og norðvestan til, annars 3-8.

**GAMLÁRSKVÖLD** 10-15 m/s syðst á annesjum, annars 3-8.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 2° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 1° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 4° |
| New York | 8° |
| Orlando | 25° |
| Osló | -4° |
| París | 3° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


www.super-flugeldar.com
Super-Flugeldar
-á súper verði
Háamýri ehf.
Aðeins brot af úrvali
100 skota blævængur, 5 mismunandi útkomur, 1,5. tommu, kr. 19.900,-
70 skota, 2. tommu, glæsileg sýning kr.19.900,-
49 skota 2. tommu, dúndur kaka, kr.13.900,-
300 skota, 0,8. tommu kaka með fjölbreyttum útkomum, ca. 3 mín. kr. 6.900,-
Pabbapakki kr. 11.900,-
138 skota, 1,2. tommu sýning. kr. 9.900,-
Skotrör 1,5 tommu, kr.1.500,-
Gos 5 mismunandi stærðir
Krakkapakki yfir 100 stk, kr. 4.900,-
STAÐSETNING
Ögurhvarf 2
Við styðjum
Regnbogabörn

KJÖRKASSINN



*Eyðir þú minna í flugelda í ár en í fyrra?*

| | |
|---|---|
| Já | 73,6% |
| Nei | 26,4% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur kjararáð lækkað laun þingmanna og ráðherra nægilega mikið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Stærstu brennurnar í Reykjavík verða við Ægisíðu, Geirsnef, í Gufunesi og við Rauðavatn:

# Kveikt verður í tíu brennum um áramót

**ÁRAMÓTABRENNUR** Alls verða tíu áramótabrennur í Reykjavík um þessi áramót.

Eins og um síðustu áramót verða fjórar stórar brennur í Reykjavík. Þær verða við Ægisíðu, Geirsnef, í Gufunesi vestan Rimahverfis og við Rauðavatn.

Litlar brennur verða við Suðurhlíðar neðan við Fossvogskirkjugarð, við Suðurfell, við Kléberg á Kjalarnesi, í Skerjafirði gegnt Skildingarnesi 44 til 46, vestan Laugarásvegar móts við Valbjarnarvöll og í Ártúnsholti sunnan Ártúnsskóla.

Af brennunum tíu eru sjö svonefndar borgarbrennur sem þýðir að þær eru alfarið á ábyrgð Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar. Brennan við Rauðavatn er á ábyrgð Fylkis, brennan í Skerjafirði á ábyrgð Hverfafélagsins Skjaldar og brennan í Ártúnsholti á ábyrgð íbúasamtaka Ártúnsholts.

Starfsmenn hverfastöðva Framkvæmda- og eignasviðs verða við móttöku og uppröðun í bálkesti frá og með deginum í dag. Hætt verður að taka á móti efni í brennurnar þegar kestirnir verða orðnir hæfilega stórir eða í síðasta lagi klukkan 12 á gamlársdag.

Kveikt verður í klukkan 20.30 á gamlárskvöld. - ovd

ÁRAMÓTABRENNUR Í REYKJAVÍK ÁRAMÓTIN 2008-2009




Óboðinn gestur á háalofti:

## Í góðu yfirlæti yfir jólin

**BANDARÍKIN, AP Fjölskylda í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum áttaði sig ekki á því að hún væri með jólagest í heimsókn fyrr en ókunnugur maður kom niður af háaloftinu, íklæddur fötum fjölskyldumeðlima.**

**Talið er að Stanley Carter hafi dvalið á háalofti fjölskyldunnar frá því fyrir jól. „Þegar hann kom niður af háaloftinu var hann í buxum af dóttur minni og skóm af mér," segir Stacy Ferrance.**

**Hún segir manninn hafa stolið mat, fartölvu og tónlistarspilara. Maðurinn hélt lista yfir allt sem hann stal, sem var með yfirskriftinni „Óskalisti Stanleys". - bj**



**YANGTZE** Áin liggur þvert yfir stærstu héruð landsins og er líflína tugmilljóna Kínverja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímamót í Kína:

## Fyrstu göngin undir Yangtze

**KÍNA, AP** Fyrstu vegagöngin undir Yangtze-ána í Kína voru opnuð í gær. Vinna við göngin hefur tekið rúmlega fjögur ár og þau eru um þrír og hálfur kílómetri á lengd.

Göngin tengja saman Wuchang og Hankou-hverfin í borginni Wuhan, þar sem átta milljónir manns búa. Þau munu stytta ferðatíma og greiða úr umferðarflækjum. - þeb

# Ráðherra efast um eldflaugar í A-Evrópu

**Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hafa lýst efasemdum um eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna í Austur-Evrópu. Ísland hefur þó undirritað yfirlýsingar þar sem kostir kerfisins eru tíundaðir. Vinstri grænir hafa lagt fram frumvarp um málið.**

**UTANRÍKISMÁL** Á fundi utanríkisráðherra Nató í Brussel í byrjun mánaðarins var samþykkt ályktun þar sem eldflaugavarnir voru sagðar hluti varnarvígbúnaðar bandalagsins. Viðurkennt er að „fyrirhugaðar gagneldflaugastöðvar Bandaríkjanna í Evrópu eru mikilvægt framlag til verndar bandalagsríkjunum". Kannaðir séu leiðir til að „tengja getu þess kerfis við núverandi eldflaugavarnarkerfi Nató til að tryggja að það verði samþættur hluti þeirra kerfa sem í framtíðinni munu tryggja varnir Nató í heild".

Ekki náðist í utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, vegna málsins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, segir hins vegar að Ísland sé í hópi þeirra ríkja sem hafi lýst yfir efasemdum um málið.

„Utanríkisráðherra hefur ekki stutt þetta mál og Ísland var í hópi þeirra ríkja sem lögðu áherslu á að þessir samningar fengu ekki stóran sess í yfirlýsingunni frá Brussel, en rétt er að halda til haga að utanríkisráðherra sótti þann fund ekki." Ingibjörg Sólrún sat þó fundinn í Búkarest í vor þar sem sams konar yfirlýsing var samþykkt og fulltrúi Íslands skrifaði undir yfirlýsinguna í Brussel.

„Við höfum skipað okkur í lið með Norðmönnum, Þjóðverjum og fleiri þjóðum sem hafa lýst yfir efasemdum um þessi mál," segir Kristrún. Hún segir aðferðafræðina sem að baki eldflauga-




**Í BÚKAREST** Forsætis- og utanríkisráðherra sátu fund Nató í Búkarest þar sem gagnsemi eldflaugavarnarkerfis Bandaríkjanna í Austur-Evrópu var viðurkennt. Aðstoðarmaður utanríkisráðherra segir ráðherra þó ekki styðja málið. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞÓR

vörnunum býr ekki treysta sameiginlegt öryggi í Evrópu og víðar. „Utanríkisráðherra hefur aldrei skipað sér í flokk þeirra sem vilja magna, í orðum eða verki, kaldastríðsnálgun gagnvart Rússlandi."

Þrír þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um að Alþingi feli ríkisstjórninni að „leggjast eindregið gegn áformum Bandaríkjanna og eftir atvikum NATO um að koma upp eldflaugavarnarkerfi í Austur-Evrópu.

Í tillögunni segir að uppsetning slíks eldflaugavarnarkerfis stuðli ekki að friðsamri sambúð þjóða. „Þvert á móti eru eldflaugavarnir líklegar til að stuðla að frekari vígbúnaði almennt, en einkum þó í þeim löndum sem þær beinast sérstaklega gegn, samanber vígbúnaðarkapphlaupið á seinni hluta 20. aldarinnar."

kolbeinn@frettabladid.is



**VIRKJUN** Landsvirkjun hefur tekið að sér lokafrágang við vinnubúðir Impregilo. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinna við Kárahnjúkavirkjun:

## Grjót hreinsað af gljúfurbotni

**ORKUMÁL** Hafist verður handa eftir áramót við að grafa þró á botni Hafrahvammsgljúfurs, neðan við Kárahnjúkastíflu. Er ætlunin að útbúa manngerðan hyl fyrir yfirfallsfoss virkjunarinnar með þró og steyptri stíflu.

Um 90 metra hár foss rennur framhjá Kárahnjúkavirkjun þegar Hálslón fyllist á haustin. Sigurður St. Arnalds, talsmaður Kárahnjúkavirkjunar, segir að alltaf hafi staðið til að útbúa manngerðan hyl fyrir fossinn. Það hafi verið talið heppilegra en að láta hann grafa stjórnlaust sinn eigin hyl. Ekki verði aukakostnaður af þessu. - bj

Hækkun bóta flýtt:

## Atvinnuleysisbætur hækka

**KJARAMÁL Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 13.500 krónur frá og með 1. janúar.**

**Bæturnar hækka til samræmis við lægstu laun á almennum vinnumarkaði, samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar frá í febrúar. Grunnatvinnuleysisbætur verða eftir hækkunina 149.523 krónur á mánuði. Hámarkstekjutengdar bætur hækka í 242.636 krónur á mánuði, en bæturnar eru tekjutengdar í þrjá mánuði eftir 10 daga frá umsókn og miðað við 70 prósent meðallauna sex mánaða tímabils. - kóp**



# Allt í hátíðarmatinn
## í einni ferð



STÓR HUMAR
1 KG.
3.546 kr/kg.




30% afsláttur við kassa
2.379 kr/kg
Merkt verð 3.398.-

**Ungnautaribeye**
- Íslandsnaut




30% afsláttur við kassa
2.379 kr/kg
Merkt verð 3.398.-

**Ungnautaentrecote**
- Íslandsnaut




30% afsláttur við kassa
3.499 kr/kg
Merkt verð 4.998.-

**Nautalundssteikur**
- Íslandsnaut




30% afsláttur við kassa
2.379 kr/pk
Merkt verð 3.398.-

**Ungnautaprime**
- Íslandsnaut

## Einfaldir og góðir eftirréttir
eftir þínu höfði!




**Debic Parfait**
**Gerðu þinn eiginn ís eða ístertu.**
Parfait er hrist í umbúðunum í ca 20 sek. og sett í skál. Þeytt í 2 mín. á miklum hraða. Síðan er tilvalið að bæta hinum ýmsu hráefnum við t.d súkkulaði, hnetum, líkjöri, sælgæti, marengs o.fl. sem hugurinn girnist.




**Debic Créme Brûlée**
Créme brûlé eins auðvelt og það gerist. Créme brûlé er hrist í umbúðunum í 20 sek. og síðan sett í pott og á helluna.
Úr verður frábært brûlé eins og þekkist á veitingastöðum.



BAGUETTE
NÝBAKAÐ
189 kr/stk
Verð áður 345.-







DORITOS
2 TEG.
282 kr/pk

Gildir til 31. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað bíða mörg þingmál afgreiðslu á Alþingi?

2 Hver er skólameistari Tækniskólans?

3 Hvaða bók þótti hafa versta titilinn á árinu samkvæmt álitsgjöfum Fréttablaðsins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Ættleiðingar ungra íslenskra barna heyra nánast til undantekninga:

# Eitt til tvö íslensk börn ættleidd á ári

**FÉLAGSMÁL** Eitt til tvö íslensk ungabörn eru ættleidd á ári hverju og þá gjarnan af skyldmennum. Aftur á móti eru allt að tuttugu börn ættleidd frá útlöndum á hverju ári.

Íslenskt barn er oft ættleitt af einhverjum sem móðirin þekkir til og í samræmi við hennar óskir, að sögn Braga Guðbrandssonar, forstöðumanns Barnaverndarstofu.

Bragi segir að frumættleiðingar ungra íslenskra barna heyri nánast til undantekninga, séu kannski ein til tvær á ári. Margar ástæður séu þar að baki, þar á meðal tilkoma velferðarkerfisins. Nú sé til dæmis mun sjaldgæfara en áður að börn fæðist inn í örbirgð auk þess sem nú til dags séu til getnaðarvarnir sem geri fólki kleift að stjórna barneignum.

„Börn sem koma óvelkomin í heiminn eru mun færri en áður,“ segir Bragi og bendir á að fyrir allmörgum árum hafi fóstureyðingarlöggjöfinni verið breytt þannig að meira tillit sé nú tekið til aðstæðna kvenna.

Á fyrri hluta síðustu aldar átti fólk þess ekki kost að stjórna barneignum og því áttu mæður ekki annarra kosta völ en að láta börn frá sér sökum fátæktar og óöryggis í afkomu. Bragi telur að konur hafi ekki mætt fordómum heldur frekar skilningi í samfélaginu. Þannig sé það enn.

Um 4.500 börn fæddust á Íslandi árið 2007. Frumættleiðingar barna tíu ára og yngri voru 33 talsins frá 1990 til 2007, þar af voru fimmtán börn yngri en eins árs og sex börn voru á öðru ári. - ghs



**FÁ BÖRN ÆTTLEIDD INNANLANDS** Ættleiðingar ungra íslenskra barna hafa verið afar fátíðar undanfarin ár.

Eiturlyfjaskrifstofa SÞ:

## Ósló brú fyrir kókaínhringi

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld hafa óskað eftir upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum um mexíkóska kókaínglæpahringi. Sú skrifstofa SÞ sem fylgist með og berst gegn útbreiðslu eiturlyfja telur að mexíkóskir kókaínglæpahringir hafi áhuga á að nota Ósló sem brú inn á evrópskan kókaínmarkað, að sögn Aftenposten.

Norðmenn hafa óskað eftir því að skrifstofan útskýri á hverju hún byggi grun sinn og veiti norskum stjórnvöldum aðgang að öllum þeim upplýsingum sem nýtist í baráttunni gegn mexíkósku glæpahringjunum. Fulltrúi SÞ segist hafa frétt af áhuga Mexíkómannanna í Aftenposten. - ghs



**ABBA** Svíarnir vinsælu hafa selt yfir 370 milljónir platna.

Sýning í heimsreisu:

## ABBA-sýning á fimm ára túr

**STOKKHÓLMUR, AP** **Gagnvirk sýning á sviðsbúningum, hljóðfærum og minnisverðum hlutum úr sögu ABBA-söngflokksins ástsæla fer í fimm ára langa heimsreisu á næsta ári. Þetta tilkynntu sænskir skipuleggjendur sýningarinnar fyrir skömmu.**

**Magnus Danielsson, aðalskipuleggjandi sýningarinnar, taldi líklegt að almenningur í Bretlandi, Ástralíu og Bandaríkjunum fengi tækifæri til að njóta sýningarinnar á næstu árum, ásamt fleiri ónafngreindum löndum.** - kg



**FANGELSIÐ Á LITLA-HRAUNI** Nám fanga þar verður að líkindum skert ef ekki kemur til fjárframlag á fjáraukalögum til að kosta sérstakan námsráðgjafa.

# Skerða verður nám fanga að óbreyttu

**Nám fanga á Litla-Hrauni verður skert ef fram heldur sem nú horfir. Fjárveitingu vantar á fjáraukalögum til að kosta námsráðgjafa sem starfað hefur í fangelsum landsins. Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands bíður svara.**

**MENNTAMÁL** Skerða verður nám fanga ef ekki kemur til fjárframlag á fjáraukalögum. Fjármagn vantar til að kosta áfram sérstakan námsráðgjafa fyrir fangelsin hér á landi. Þetta segir Örlygur Karlsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Ríkisstjórnin samþykkti í janúar í fyrra að ráðinn yrði námsráðgjafi í fangelsin, að því er Örlygur greinir frá.

Mál skipuðust á þann veg að námsráðgjafinn yrði á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem myndi greiða honum laun fyrir starf hans í öllum fangelsum landsins. Ráðinn var starfsmaður, fyrstu mánuðina í hálft starf, en síðan í fullt starf frá og með 1. ágúst. Þetta er í fyrsta skipti, að sögn Örlygs, sem námsráðgjafi hefur verið ráðinn beint í fangelsin.

Í frumvarpi til fjáraukalaga nú er ekki gert ráð fyrir fjárhæð til stöðugildis námsráðgjafans.

„Nú erum við búin að greiða einhverjar milljónir til starfseminnar á þessu ári,“ útskýrir Örlygur. „Ef það kemur enginn peningur í hana á næsta ári verð ég að skera einhvers staðar niður á móti því. Auk þessa er svo niðurskurður í kerfinu í heild. Það liggur því fyrir að skera niður í kennslu fanganna á Litla-Hrauni ef ekki kemur til fjárveiting.

Ég vona að þetta sé einhver misskilningur, sem verið sé að leiðrétta, en ekki sé um að ræða beinan niðurskurð. Ég vil vera bjartsýnn og trúa því að til þessa þurfi ekki að koma.“

Örlygur segir að námsráðgjafinn hafi verið að vinna mjög gott starf við að aðstoða fólk í fangelsum landsins við að átta sig á því hvaða nám það vilji stunda og vekja samhliða því námsáhuga hjá föngunum.

„Ef ekki fæst fjárveiting erum við að snúa til baka og fara á núllreitinn aftur. Það væru mikil vonbrigði fyrir alla sem tengjast þessu. Það er verið að reyna að endurhæfa menn úti í fangelsunum og koma þeim aftur út í lífið. Námið er einn hluti slíkrar endurhæfingar.“

Örlygur kveðst hafa leitað svara um framhald málsins hjá viðkomandi stjórnvöldum. Þau svör liggi ekki fyrir. jss@frettabladid.is

Eldri kona í Svíþjóð:

## Sló strák og fær fjölda jólakorta

**SVÍÞJÓÐ** **Eldri kona í Svíþjóð sló strák með stafnum sínum í sumar og var dæmd til að greiða bætur fyrir vægt ofbeldi. Nú hefur jólakortum í hundraða tali rignt yfir konuna frá því fyrir jól, að sögn Hufvudstadsbladet.**

**Strákurinn sem konan sló hafði verið að troða ónýtum kirsuberjum í póstkassann hjá kerlu þegar hún opnaði útidyrnar og sá hann standa fyrir utan ásamt vinum sínum. Hún snöggreiddist og reiddi stafinn til höggs og lét vaða.**

**Konan var dæmd í haust og í framhaldi af því ákváðu nágrannar hennar að safna fé fyrir bótunum og á netinu hófst herferð þar sem fólk var hvatt til að senda þeirri gömlu jólakort til að gleðja hana.** - ghs

Ár frá morði Benazir Bhutto:

## Mikill fjöldi minntist Bhutto

**PAKISTAN, AP** Tugþúsundir manna komu saman í Pakistan á laugardag til að minnast Benazir Bhutto. Ár var þá liðið frá því að hún var myrt á leið af kosningafundi í Rawalpindi, þegar hún sóttist eftir því að verða forsætisráðherra í þriðja sinn.

Ekkill Bhutto og forseti Pakistan, Asif Ali Zardari, sagði í minningarræðu um konu sína að hún hefði verið píslarvottur og Pakistan myndi halda áfram á þeirri braut sem hún hefði markað. - þeb

**LÖGREGLUMÁL**

### Fundu landa og bruggtæki

Lögreglan á Selfossi fann 25 lítra af landa auk bruggtækja í íbúð í uppsveitum Árnessýslu á dögunum. Íbúi í íbúðinni viðurkenndi að eiga tækin og bruggið, sem hann sagði aðeins ætlað sér.




Viðbragðsteymið „Börnin í borginni“ fylgist vel með kreppumerkjum:

# Börnin fá enn þá hádegismat

**SAMFÉLAGSMÁL** Fáar vísbendingar eru komnar fram um slæm áhrif kreppunnar á börnin í borginni. Þetta segir Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík og formaður „Barnanna í borginni“, viðbragðsteymis sem ætlað er að fylgjast með líðan og högum barna á krepputímum. Teymið tók til starfa í október og hefur síðan hist á viku til tveggja vikna fresti.

Sérstakar gætur eru hafðar á þeirri þjónustu sem kostar peninga. Það eru meðal annars skólamáltíðir, frístundaheimili og leikskólagjöld.

„Við erum nýbúin að fá tölur fyrir nóvembermánuð og sjáum ekki marktækan mun á október og nóvember.“ Foreldrar virðist ekki farnir að draga úr því að kaupa hádegismat fyrir börnin sín í skólanum, eins og margir óttast að verði raunin. „Við skoðum líka vanskil. Þau hafa heldur ekki aukist á milli mánaða.“ Þá segir hann foreldra ekki í nokkrum mæli farna að draga börnin sín út úr frístundaþjónustu.

„Annars eru menn sammála um að við séum enn ekki farin að finna fyrir áhrifum kreppunnar fyrir alvöru,“ segir Ragnar. „Við vöktum því þessi mál eins vel og við getum. Það má búast við því að þetta þyngist þegar líður á veturinn.“ - hhs



**LEIKANDI** Ekki er enn farið að bera á vanskilum á greiðslum foreldra fyrir skólamáltíðir, frístundaheimili og aðra þjónustu við börn í Reykjavík. MYNDIN ER ÚR SAFNI

netto



GOURMET TYTTEBERJALÆRI
**1.637 kr/kg**
~~2.183~~ kr/kg

25% afsláttur




25% afsláttur

ÞYKKVABÆJAR TORTILLA
**225 kr/pk.**
~~299~~ kr/pk.




ÞÚ SPARAR
1.000 kr

HUMAR Í ÖSKJU 2kg
**2.990 kr/pk.**
~~3.990~~ kr/pk.

BULLET ORKUBOMBA 250ml
**99 kr/stk.**
~~198~~ kr/stk.

50% afsláttur




33% afsláttur




CASA FIESTA TORTILLLA CHIPS.
Regular, Chili eða Cheese.
**199 kr/pk.**
~~299~~ kr/pk.




41% afsláttur

PEPSI MAX 2l
**89 kr/stk.**
~~151~~ kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 29. - 31. DESEMBER

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
Kíktu á tilboðin á www.netto.is

KEA
Klikkar ekki!

Birt með fyrirvara um prentvillur.



**MÓTMÆLA JÓLASVEINABANNI** Hundruð manna í Sarajevó mótmæltu því í gær að borgaryfirvöld hafi bannað jólasveinum að heimsækja leikskóla borgarinnar, sem er að meirihluta byggð múslimum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki lengur ókeypis að geyma sæðisfrumur á tæknifrjóvgunarstöð:

# Kostar 15 þúsund að geyma sæði á ári

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta gjald hefur ekkert að gera með kreppuna nema síður sé. Það hittist bara þannig á að fyrst núna gefst okkur færi á að fara að taka til í okkar ranni, fara yfir allt sem við erum að geyma og greiða úr þessu,“ segir Guðmundur Arason, læknir hjá tæknifrjóvgunarstöðinni Art Medica í Kópavogi. Stöðin hefur nýlega hafið að rukka menn sem geyma hjá þeim sæðisfrumur um 15.000 krónur á ári. Ekkert gjald hefur verið tekið fyrir þjónustuna síðan Art Medica tók við henni af Landspítalanum fyrir fjórum árum, þar til nú fyrir skemmstu.

Guðmundur segir töluverðan kostnað og umstang fylgja geymslu á sæðisfrumum, en þær eru geymdar í fljótandi köfnunarefni. „Ástæða þess að við höfum ekki rukkað fyrr en nú er einfaldlega sú að nú höfum við tíma og mannskap til að greiða úr allri pappírsvinnunni sem fylgir. Þetta hleðst hratt upp. Upp úr dúrnum hefur komið að margir sem við höfum sent rukkun upp á síðkastið hafa þegar eignast barn og þurfa ekki að geyma sæðisfrumur lengur. Við rukkum ekki aftur í tímann.“

Að sögn Guðmundar geyma nokkrir tugir manna sæðisfrumur hjá Art Medica. „Flestir sem geyma sæði eru á leiðinni í krabbameinsmeðferð sem felur í sér lyfjagjöf sem gæti stofnað frumunum í hættu,“ segir Guðmundur Arason. - kg




**ART MEDICA** Tók við geymslu sæðisfrumna af Landspítalanum fyrir fjórum árum.

Kreppuvarnir í Noregi:

## Aukið fjármagn í framkvæmdir

**NOREGUR** Norska ríkisstjórnin ætlar að auka framkvæmdir í Noregi til að vinna gegn auknu atvinnuleysi í landinu. Á næsta ári fara milljarðar norskra króna í vegi, járnbrautaframkvæmdir, skólabyggingar, hjúkrunarheimili, í framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og ríkis.

„Til að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi ætlar Jens Stoltenberg forsætisráðherra að veita olíupeningum í norskt hagkerfi,“ skrifar norska dagblaðið Aftenbladet. „Við ætlum að setja fé í verkefni sem hægt er að hrinda hratt í framkvæmd og gefa mikla atvinnu,“ hefur blaðið eftir Stoltenberg. - ghs



**SJÚKRAFLUTNINGAMENN AÐ STÖRFUM** Heilbrigðisráðherra hefur undirritað tvo samninga er varða sjúkraflutninga.

Samningar um sjúkraflutninga:

## Kosta um 140 milljónir á ári

**HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, undirritaði nýverið tvo samninga um sjúkraflutninga. Annan við Slökkvilið Akureyrar og hinn við Brunavarnir Suðurnesja. Heilbrigðisráðuneytið greiðir um sjötíu milljónir króna á ári fyrir hvorn samning.**

**Þjónustusvæðið á Suðurnesjum nær til sjúkraflutninga í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja að undanskildu svæði Heilsugæslustöðvarinnar í Grindavík.**

**Þjónustusvæðið nyrðra nær til sjúkraflutninga í umdæmi heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.** - hhs

Velferðarsjóður ÍSAL:

## Styrkir mæðrastyrksnefndir

**LÍKNARMÁL** Þremur mæðrastyrksnefndum á höfuðborgarsvæðinu var á dögunum úthlutað samtals 309.000 krónum úr velferðarsjóði starfsmanna álframleiðslufyrirtækisins ÍSAL.

Nefndirnar sem um ræðir eru Mæðrastyrksnefndir Hafnarfjarðar, Reykjavíkur og Kópavogs. Í tilkynningu segir að álíka fjárhæðum verði úthlutað í byrjun janúar og febrúar.

Velferðarsjóður ÍSAL var stofnaður í nóvember síðastliðnum. Voru aflögufærir samstarfsmenn hvattir til að leggja fram þúsund krónur af launum sínum í þrjá mánuði vegna þeirra erfiðleika sem margir standa frammi fyrir um þessar mundir. - kg

# Olíusamráðsmálinu frestað enn um sinn

**Lögmaður stjórnvalda segir líklega útilokað að málið, sem hefur verið í gangi síðan 2005, verði flutt fyrr en næsta haust. Málsaðilar í slíkum málum hafa ekki, strangt til tekið, neinn hámarksfrest til að leggja fram matsbeiðnir.**

**DÓMSMÁL** Olíufélögin fóru fram á frest í máli þeirra gegn Samkeppniseftirlitinu og ríkinu og boðuðu að þau legðu fram nýjar matsbeiðnir í því þegar það var tekið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur fyrr í mánuðinum.

„Það er því fyrirsjáanlegt að málið mun halda áfram og dragast enn um allmarga mánuði. Leggi þau fram nýja matsbeiðni tel ég útilokað að unnt verði að flytja þetta mál fyrr en í fyrsta lagi haustið 2009,“ segir Heimir Örn Herbertsson, lögmaður stjórnvalda.

Málið hefur verið rekið fyrir dómstólum síðan árið 2005. Félögin krefjast ógildingar þeirrar ákvörðunar að þau séu sek um samráð, en til vara að sekt þeirra verði lækkuð. Félögin voru upphaflega sektuð um 2,6 milljarða, en áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði hana síðar í 1,5 milljarða.

Þegar félögin brugðust við sektinni og höfðuðu mál óskuðu þau eftir því að kallaðir væru til dómskvaddir matsmenn til að greina forsendur sektarinnar, segir Heimir Örn.

Eftir mánaðabið hafi niðurstaða borist, sem sagði að hugsanlegt væri að félögin hefðu engan ávinning haft af samráðinu.

Þá lét Samkeppniseftirlitið kalla til yfirmatsmenn til að hnekkja niðurstöðu matsmannanna og lagði fram svokallaða undirmatsbeiðni til að láta meta önnur atriði en olíufélögin létu meta.

Niðurstaða þessa var yfirmatsgerð sem var „algjörlega ósammála undirmati [félaganna]“ segir Heimir Örn. Samkvæmt henni hefðu félögin hagnast á brotum sínum, langt umfram sektarupphæðina.

Þetta mat hafi verið lagt fram fyrir allnokkru en málinu síðan frestað til þessa mánaðar, svo olíufélögin gætu ákveðið hvort þau vildu freista þess að hnekkja undirmatinu eða fresta flutningi málsins.

Heimir Örn segir að strangt til tekið séu engin tímamörk í málarekstri af þessu tagi. „Það er ekkert sjálfkrafa stopp sem kemur í það og það er mikil tilhneiging til að gefa málsaðilum mikið svigrúm til að meta sjálfir hvað þeim finnst nauðsynlegt að sanna.“ Málsmeðferðin verði þó ekki endalaus.

klemens@frettabladid.is



**FORSVARSMENN OLÍUFÉLAGANNA FUNDA MEÐ SAMKEPPNISEFTIRLITI ÁRIÐ 2005** Enn er ekki fyrirséð hvenær niðurstaða fæst í mál olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu og ríkinu. Þau vilja ekki borga sekt fyrir samráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er því fyrirsjáanlegt að málið mun halda áfram og dragast enn um allmarga mánuði.
>
> **HEIMIR ÖRN HERBERTSSON**
> LÖGMAÐUR

Fjármálakreppan nær til eigenda réttinda í laxveiðiám:

# Gengishækkun aflýst í Laxá á Ásum

**STANGVEIÐI** Veiðifélag Laxár á Ásum, einnar dýrustu stangveiðiár landsins, mun á fundi milli jóla og nýárs ákveða hvort gefin verður eftir mikil hækkun á leigunni fyrir ána.

Að sögn Páls Þórhallssonar, formanns veiðifélagsins, hefur leigutaki Laxár á Ásum, Lax-á ehf, farið fram á að leigan verði lækkuð. Samningurinn við Lax-á sé verðtryggður á þrjá mismundandi vegu.

„Samningurinn er að einum þriðja bundinn neysluvísitölu, einum þriðja evru og einum þriðja dollar. Þetta hefur hækkað þvílíkt að það er sjálfsagt ekki fræðilegur möguleiki að þetta standi undir sér,“ segir Páll sem kveður tillögu munu verða lagða fyrir fund veiðifélagsins um að aftengja gengisþáttinn en halda innlenda verðbólguþættinum.

Samkvæmt fundarboði veiðifélagsins féllst stjórnin á að leigan fyrir Laxá yrði 21 milljón króna næsta sumar með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Páll segir að þótt strangt til tekið væri hægt að gera kröfu um efndir á samningnum hafi verið í honum útgönguleið fyrir leigutakann. „Það er ákvæði um að ef upp koma óviðráðanlegir hlutir og þar á meðal er stórkostleg fjármálakreppa. Við myndum kannski ekki geta neitað því að það gæti átt við.“



**Í LAXÁ Á ÁSUM** Veiðileyfi í Laxá í Ásum er meðal þeirra aldýrustu á landinu enda aðeins veitt á tvær stangir í allri ánni.

Að sögn Páls mun sala veiðileyfa fyrir næsta ár hafa gengið afar treglega fram að þessu. „Það veit enginn hver staðan verður eftir mánuð - hvað þá í vor - svo menn halda að sé höndum,“ segir Páll sem kveður marga leigutaka nú ræða við veiðiréttarhafa um breytingar. - gar



**LOFTRÝMISEFTIRLIT** Öryggi ríkisins snýst um fleira en hervarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Öryggissjálfsmynd Íslands:

## Stefnumótun skammt komin

**ÖRYGGISMÁL Mótun öryggissjálfsmyndar Íslands og öryggismálastefnu er skammt á veg komin, þrátt fyrir gerbreytta umgjörð þeirra mála. Að þessari niðurstöðu kemst Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur í grein í nýjasta „hefti“ vefritsins Stjórnmál og stjórnsýsla (stjornmalogstjornsysla.is).**

**Í rannsókninni eru vísbendingar um öryggisstefnu ríkisins greindar eins og þær birtast í gögnum á borð við nýsett varnarmálalög og lög um almannavarnir. Bent er á að nálgun Íslands að öryggi hafi byggst á hernaðarlegum grunni með rætur í raunsæisstefnu, en stefna annarra Norðurlanda hafi frekar byggst á „nýfrjálslyndri stofnanahyggju“.**

**Ekki sé að merkja að stefnumótunarvaldið taki tillit til þátta á borð við efnahagslegt eða umhverfislegt öryggi.** - aa

Norræni menningarsjóðurinn:

## Draumasmiðju veittur styrkur

**MENNING** Draumasmiðjan hefur fengið styrk frá Norræna menningarsjóðnum til að halda alþjóðlega döff leiklistarhátíðina DRAUMAR 2009.

Hátíðin verður haldin í Kassanum í Þjóðleikhúsinu 24. til 31. maí á næsta ári. Í tilkynningu frá Draumasmiðjunni segir að fjöldi umsókna um þátttöku hafi borist. Umsóknarfrestur sé opinn til 31. desember. Val á þátttakendum verði tilkynnt um miðjan janúar 2009. - hhs

**SEYÐISFJÖRÐUR**

### Sjúkrahús fær flatskjá og stól

Sjúkrahúsið á Seyðisfirði fékk afhentar gjafir fyrir jól frá Hollvinasamtökum Sjúkrahússins á Seyðisfirði (HSSS) og Soroptimistum á Austurlandi. Það voru 40 tommu sjónvarpsflatskjár og hægindastóll, sem hvort tveggja verður nýtt á Alzheimer-deild sjúkrahússins.

**KJÓSARHREPPUR**

### Bæjarbókhaldinu stolið

Brotist var inn á hreppsskrifstofurnar í Ásgarði í Kjósarhreppi um hátíðarnar og þaðan stolið tölvum, sem meðal annars geymdu bókhald hreppsins. Innbrotið uppgötvaðist á annan í jólum. Svo virðist sem hurð hafi verið sparkað upp með tilheyrandi skemmdum. Þjófurinn er talinn hafa verið einn á ferð, en hann er ófundinn.

Tæplega fimmtugur karl hefur í tvígang verið dæmdur fyrir að ráðast á lögreglumenn við störf:

# Árs fangelsi fyrir grófa árás á lögreglukonu

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir grófa árás á lögreglukonu.

Maðurinn réðst á lögreglukonuna í Hafnarfirði síðastliðið sumar. Hann reif í hár hennar, stakk fingrum sínum upp í munn hennar, klóraði hana í tannholdið og sló hana með krepptum hnefa í vinstri kjálka. Í kjölfarið hlaut hún opið sár á vör og í munnholi, sem sauma þurfti með nokkrum sporum, og eymsli hægra megin í kjálka og kjálkalið.

Maðurinn játaði skýlaust brot sitt.

Hann hafði áður hlotið fjögurra mánaða dóm í Hæstarétti, þar af þrjá skilorðsbundna í tvö ár. Í það skiptið var verið að flytja hann á slysadeild í kjölfar umferðaróhapps. Þá réðst hann á lögreglumann sem sat með honum í aftursæti bifreiðarinnar og sló hann ítrekað með krepptum hnefum.

Með árásinni á lögreglukonuna rauf hann skilorð.

Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til þess að lögreglukonan er með lýtandi sár á vör, eymsli hægra megin í kjálka og kjálkalið. Árásin hefur valdið henni andlegri vanlíðan. Varanleg læknisfræðileg örorka var metin fimm prósent. - jss



**LÖGREGLUMAÐUR VIÐ UMFERÐAREFTIRLIT** Héraðsdómur hefur dæmt mann í fangelsi fyrir árás á lögreglukonu. Hann hafði áður verið dæmdur fyrir að ráðast á lögregluþjón í kjölfar umferðaróhapps. MYNDIN ER ÚR SAFNI

Sveitarstjórn Djúpavogs:

## Misferli í Gift verði rannsakað

**FJÁRMÁL** Sveitarstjórn Djúpavogshrepps kvefst þess að forsvarsmenn Giftar/Samvinnutrygginga GT upplýsi hvernig höndlað var með eignarhluti hreppsins og annarra eigenda í Gift. „Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að óska eftir því við lögfræðideild Sambands íslenzkra sveitarfélaga að hún sjái til þess að fram fari opinber rannsókn á því misferli sem þarna virðist hafa átt sér stað, þegar almannafé, sem var meðal annars eyrnamerkt nokkrum sveitarfélögum, mun hafa verið notað til glæfralegra fjárfestinga, án nokkurs samráðs við eigendur fjárins.“ - gar



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR** Oddviti sjálfstæðismanna í bæjarráði Hafnarfjarðar.

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði:

## Fulltrúar lækki launakostnað

**HAFNARFJÖRÐUR Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði vilja lækka kostnað við laun og kjör bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og fulltrúa í ráðum og nefndum um allt að 15 prósent á árinu 2009.**

**„Fyrirséð er mikil tekjuskerðing bæjarins sem verður að mæta með niðurskurði og við þær aðstæður er eðlilegt að stjórnkerfi bæjarins gangi á undan með góðu fordæmi,“ segir í greinargerð með tillögu sjálfstæðismanna sem meirihluti Samfylkingar vísaði í sérstakan starfshóp bæjarráðs sem vinnur að undirbúningi fjárhagsáætlunar. „Þar er allt til skoðunar, þar með talin launakjör kjörinna fulltrúa.“** - gar

Fjárhagsáætlun næsta árs:

## Kjaraskerðing í Hveragerðisbæ

**HVERAGERÐI** Laun bæjarstarfsmanna í Hveragerði verða skert samkvæmt drögum að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár. Bæjarstjórnin gerir líka kröfur til stjórnenda bæjarins um hagræðingu og lækkun rekstrarkostnaðar.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

Launalækkunin felst í því að umsamin föst yfirvinna starfsmanna verður skert um 10 prósent og föstum bílastyrkjum verður sagt upp og akstur í staðinn greiddur eftir akstursdagbókum. Þá eiga laun bæjarstjórans að lækka um 10 prósent og laun bæjarfulltrúa að lágmarki um 10 prósent. - gar

**ÁRNASTOFNUN**

**Nýr forstöðumaður í vor**

Fjórir sækja um stöðu forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, þau Gísli Sigurðsson, Guðrún Nordal, Kristján Árnason og Úlfar Bragason. Vésteinn Ólason lætur af störfum forstöðumanns 1. mars. Menntamálaráðherra skipar í stöðuna.





**FYRRVERANDI FORSETAHJÓN** George H.W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, fór í gær ásamt Barböru eiginkonu sinni að viðra hundinn þeirra á flugvellinum í Waco í Texas eftir að þau komu þangað með forsetaflugvélinni Air Force One. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tiltölulega lítið er um fóstureyðingar á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin:

# Fæðingar á Grænlandi færri en fóstureyðingar

**HEILBRIGÐISMÁL** Fóstureyðingar á Grænlandi á árinu 2006 voru 1.030 miðað við hver 1.000 lifandi fædd börn. Þetta er langhæsta hlutfall fóstureyðinga á Norðurlöndunum að því er sjá má í Talnabrunni, fréttabréfi Landlæknis.

Hlutfallslega næstflestar fóstureyðingar á Norðurlöndunum voru í Svíþjóð þar sem þær voru 340 á hverjar eitt þúsund fæðingar samkvæmt Norræna heilbrigðistölfræðiráðinu. Hlutfallið á Íslandi er 205 fóstureyðingar. Það er fimmtungur hlutfallsins á Grænlandi. Hér á landi fæðast um 4.300 börn á ári en fóstureyðingar eru um 900 talsins.

Fóstureyðingar eru áberandi fæstar í Færeyjum en mjög fáar eru einnig í Finnlandi, eða aðeins 181 á hverja þúsund fædda. Matthías Halldórsson, starfandi landlæknir, segir að ekkert sé að marka tölurnar á Grænlandi því að svo margt sé öðruvísi í grænlenska samfélaginu en á hinum Norðurlöndunum. Því þurfi að taka Grænland út fyrir sviga og þá séu fóstureyðingarnar flestar í Svíþjóð.

Matthías segir að Íslendingar standi frekar vel hvað fóstureyðingar varðar, fóstureyðingar séu ekki of margar hér og hafi heldur farið fækkandi síðustu árin fremur en hitt. Það sé meðal annars vegna neyðargetnaðarvarnarinnar sem kom fyrir nokkrum árum. „Svo hefur verið töluverð fræðsla, læknanemar hafa til dæmis farið í framhaldsskólana, og þetta hefur lagst á sveif hvort með öðru,“ segir hann. **- ghs, gar**



**Á GRÆNLANDI** Hlutfall fóstureyðinga er langhæst á Grænlandi þegar Norðurlöndin eru borin saman.

**FÓSTUREYÐINGAR 2006**

**Á 1.000 lifandi fædda**

| | |
|---|---|
| Danmörk | 242,1 |
| Færeyjar | 61,0 |
| Grænland | 1.029,7 |
| Finnland | 181,0 |
| Álandseyjar | 226,2 |
| Ísland | 204,8 |
| Noregur | 246,3 |
| Svíþjóð | 340,3 |

HEIMILD: TALNABRUNNUR

Grindavíkurbær:

## Lækkar matarkostnað barna

**GRINDAVÍK Bæjaryfirvöld í Grindavík hafa ákveðið að halda útsvarsprósentunni óbreyttri á næsta ári í stað þess að nýta sér möguleika til hækkunar eins og mörg sveitarfélög hafa gert. Bærinn lækkar gjaldskrána ef eitthvað er til að mæta þrengingum og standa með sínu fólki. Til að mæta þröngri stöðu fjölskyldnanna verður niðurgreiðsla á matarkostnaði grunnskólabarna aukinn og fer máltíðin úr 230 krónum niður í 180 krónur. Þá verður tónlistarnám grunnskólabarna gjaldfrjálst frá og með næsta hausti.**



**JÓNA KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR**

**Jóna Kristín Þorvaldsdóttir bæjarstjóri segir að bærinn sé þokkalega settur, hafi selt í Hitaveitu Suðurnesja og eigi sjóð. „Við komum kannski til með að þurfa eitthvað að nýta okkur sjóðinn, nota ávöxtun af honum og verðbætur fremur en að taka lán,“ segir hún.** - ghs

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ölvun í miðborginni

Talsverð ölvun var í miðborginni aðfaranótt sunnudags. Þrátt fyrir það komu engin alvarleg mál til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en þrír gistu fangageymslur.

### Tveir í fangageymslum

Tveir gistu fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum aðfaranótt laugardags. Annar þeirra fannst ofurölvi fyrir aftan skemmtistað en hinn var handtekinn fyrir ölvun og óspektir. Enginn gisti fangageymslur aðfaranótt sunnudags.



**FORMENNSKUÁÆTLUN KYNNT** Karl zu Schwarzenberg utanríkisráðherra, Mirek Topolanek forsætisráðherra og Alexandr Vondra Evrópumálaráðherra kynna ESB-formennskuáætlun Tékka í Brussel 11. desember síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

# Formennska í hendur efahyggjumanns

**Tékkar taka um áramót í fyrsta sinn við formennskunni í Evrópusambandinu. Veik staða stjórnarinnar í Prag og efahyggja Vaclavs Klaus forseta um Evrópusamrunann valda því að náið verður fylgst með hvernig til tekst.**

**EVRÓPUMÁL** Tékkar taka um áramótin við formennskunni í Evrópusambandinu af Frökkum, en á eftir Slóvenum eru Tékkar þar með önnur fyrrverandi austantjaldsþjóðin sem gegnir formennskuhlutverkinu.

Þar sem tékkneski forsetinn, Vaclav Klaus, er þekktur fyrir að vera þjóðernissinnaður efasemdamaður um Evrópusamrunann, og íhaldsflokkur hans og forsætisráðherrans Mireks Topolanek, ODS, þykir deila þeirri hugmyndafræði, eru margir spenntir að sjá hvernig hinni sundurlyndu samsteypustjórn Topolaneks, sem ræður ekki yfir þingmeirihluta, ferst formennskuhlutverkið úr hendi.

Klaus er að vísu nýgenginn úr ODS, flokknum sem hann stofnaði sjálfur eftir fall kommúnismans að fyrirmynd breska Íhaldsflokksins. Hann yfirgaf flokkinn í því skyni að leggja sitt af mörkum til að lægja innanflokksdeilur, en óvíst er að það dugi til.

Víst er að alþjóðlega fjármálakreppan mun setja mjög mark sitt á formennskumisseri Tékka. Þá er þess líka vænst að örlög Lissabon-sáttmálans svonefnda skýrist á tímabilinu, en Klaus forseti hefur neitað að undirrita staðfestingu sáttmálans fyrir Tékklands hönd uns ljóst er orðið hvað írska stjórnin ætlar að gera eftir að írskir kjósendur höfnuðu staðfestingu sáttmálans í þjóðaratkvæðagreiðslu í sumar sem leið. Írlandsstjórn hefur boðað nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um málið í haust – það er í formennskutíð Svía – eftir að komið hefur verið til móts við helstu áhyggjuefni Íra varðandi sáttmálann, í samræmi við það sem um samdist á leiðtogafundi ESB í desember.

Önnur helstu áherslumál Tékka í formennskuhlutverkinu í ESB verða þessi: að gæta hagsmuna smærri aðildarríkja, að ríkisafskipti af efnahagsmálum skuli vera takmörkuð, að grannríki ESB í austri skipti máli og tengslin yfir Atlantshafið skipti meira máli en tengslin við Rússa.

Fari svo að Ísland ákveði að leggja inn aðildarumsókn að ESB í vor myndi það verða Karl zu Schwarzenberg fursti, utanríkisráðherra Tékklands, sem tæki við umsókninni fyrir hönd sambandsins. **audunn@frettabladid.is**

Umhverfismatsáætlun:

## Matsáætlun fyrir Gjástykki

**VIRKJANIR** Landsvirkjun hefur kynnt matsáætlun vegna rannsóknarborana í Gjástykki í Þingeyjarsveit. Áformað er að bora þrjár rannsóknarholur á svæðinu í samvinnu Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf.

Í áætluninni kemur fram að Landsvirkjun fyrirhugar að bora allt að þrjár rannsóknarholur frá einum borteig á orkuvinnslusvæðinu í Gjástykki. Árið 2007 var boruð kjarnahola á sama svæði. Boranir munu fara fram að sumri til þegar snjóa hefur tekið upp að mestu leyti.

Frestur til athugasemda vegna matsáætlunarinnar er til 14. janúar. - kóp



**VERKALÝÐSDAGURINN** Mikill samdráttur hefur orðið á vinnumarkaðnum.

Atvinnulausum fjölgar:

## Tæp tíu þúsund eru atvinnulaus

**VINNUMARKAÐUR Atvinnulausum fjölgar enn og 28. desember voru 9.582 án atvinnu á landinu öllu. Af þeim eru 6.033 karlar og 3.549 konur.**

**Mest er atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu þar sem 3.896 karlar eru án atvinnu og 2.097 konur; alls 5.993 eða um 63 prósent þeirra sem eru án atvinnu.**

**Í skýrslu Vinnumálastofnunar kemur fram meira í nóvember í ár, að atvinnuleysi var 75 prósentum meira í nóvember í ár, þegar það var 3,3 prósent eða 5.445 að meðaltali, en á sama tíma í fyrra. Þá hafði atvinnuleysi ekki verið meira síðan í maí 2004 og nú hefur það enn aukist.** - kóp




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

PIPAR • SÍA • 82388



# Opið lengur um hátíðirnar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstudagur 19. des. | 11–23 | Föstudagur 26. des. | Lokað |
| Laugardagur 20. des. | 11–23 | Laugardagur 27. des. | 11–23 |
| Sunnudagur 21. des. | 11–22 | Sunnudagur 28. des. | 11–22 |
| Mánudagur 22. des. | 11–23 | Mánudagur 29. des. | 11–22 |
| Þriðjudagur 23. des. | 11–23 | Þriðjudagur 30. des. | 11–22 |
| Miðvikudagur 24. des. | Lokað | Miðvikudagur 31. des. | Lokað |
| Fimmtudagur 25. des. | Lokað | Fimmtudagur 1. jan. | Lokað |

**Við sjáum um matinn. Þú undirbýrð jólin.**

**Skipholti 19 • Höfðabakki 9**

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

# ÁRAMÓTIN KLÁRUÐ
## í einni ferð!

15% afsláttur
**1188** kr. kg
Lambalæri frosið

40% afsláttur
**498** kr. kg
Grísabógur hringskorinn

**3598** kr. kg
Nautalund Nýja Sjáland

**999** kr. kg
Kalkúnn frosinn

30% afsláttur
**839** kr. kg
Grísahryggur með pöru

30% afsláttur
**1329** kr. kg
ÍM hamborgarhryggur með beini

20% afsláttur
ÍM HANGIKJÖTIÐ ER REYKT Á HÚSAVÍK
**2398** kr. kg
ÍM hangilæri úrbeinað

**689** kr. stk.
ÍM Jólasíld

**3190** kr. kg
VSV humarhalar góðir

**1698** kr. stk.
Andabringur

41% afsláttur
**388** kr. kg
Goða svið

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni í dag 29. des:

| Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Granda | Krónan Árbæ |
|---|---|---|---|
| 11-19 | 11-19 | 10-19 | 11-20 |

# KRÓNAN fyrst og fremst

50% afsláttur

**299** kr. pk. Lays snakk

**89** kr. 2L. 7UP, 2 L

50% afsláttur

**89** kr. stk. Red Bull

# STÚTFULL VERSLUN
## ...af tilboðum

**299** kr. pk. Maarud snakk

**129** kr. pk. Clubs saltkex

**459** kr. pk. Góu tvenna

**179** kr. 2L. Schweppes tonic 2 L

15% afsláttur Birkireyktur lax

20% afsláttur Snæfiskur hörpudiskur

**959** kr. stk. Mjólka Skyrtertur

**1099** kr. stk. Jólaostakaka m/skógarb 8-10m

| Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|
| 11-21 | 11-21 | 10-20 | 10-19 | 11-19 | 11-18 |

# FRÉTTAYFIRLIT ÁRSINS 2008

## Janúar



**1.-31.** Yfir 800 féllu og allt að 600 þúsund hröktust frá heimilum sínum eftir að alda ofbeldis braust út í Kenía eftir deilur um niðurstöður forsetakosninga.



**9. Tata Nano, ódýrasti fjöldaframleiddi bíll í heimi, var kynntur til leiks í Delí á Indlandi.**

**23.** Þúsundir Palestínumanna flykktust yfir landamærin til Egyptalands til að kaupa mat og eldsneyti.

## Febrúar



**2.** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti giftist söngkonunni og fyrrum fyrirsætunni Cörlu Bruni.

**13. Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, bað innfædda Ástrala formlega afsökunar fyrir hönd ríkisins fyrir hina svokölluðu stolnu kynslóð.**



**17.** Kósóvó lýsti yfir sjálfstæði frá Serbíu þrátt fyrir hörð mótmæli Serba og Rússa.

## Mars

**2.** Dmítrí Medvedev hlaut sannkallaða rússneska kosningu í rússnesku forsetakosningunum. Vladimír Pútín, forveri hans í embætti, var kosinn forsætisráðherra.



**27. Þúsundir týndu farangri sínum og enn fleiri töfðust á ferðalagi sínu þegar ný flugstöðvarbygging á Heathrow-flugvelli í London var tekin í notkun.**



**29.** Niðurstöðum forsetakosninga í Simbabve var haldið leyndum vikum saman. ***Robert Mugabe***, forseti landsins, neitaði að fara frá völdum þrátt fyrir að stærsti stjórnarandstöðuflokkur landsins virtist hafa unnið sigur.

## Apríl

**15.** Silvio Berlusconi var kjörinn forsætisráðherra Ítalíu í þriðja skipti.



**26. Lögreglan í Austurríki handtók hinn 73 ára Josef Fritzl sem játaði að hafa haldið dóttur sinni fanginni í klefa undir húsi sínu í 24 ár, nauðgað henni reglulega og átt með henni sjö börn.**



**29. Ban Ki-moon,** aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu Þjóðanna, kom á laggirnar starfshópi til að takast á við hækkandi matvælaverð, eftir óeirðir í 37 löndum vegna matvælaverðs.

## Maí

**2.** Talið er að yfir 146 þúsund manns hafi látist þegar fellibylurinn Nargis skall á strandhéruðum Búrma. Gríðarlegt eignatjórn varð.



**8. Ólympíueldurinn fyrir sumarólympíuleikana 2008 komst á tind Everest-fjalls.**



**12.** Jarðskjálfti upp á 7,9 á Richter-skala skók Sichuan-hérað í Kína. Talið er að um 87 þúsund hafi fallið.

## Júní

**7. *Hillary Clinton*** lýsti því yfir að hún væri hætt baráttu um útnefningu sem forsetaefni Demókrataflokksins og lýsti yfir stuðningi við ***Barack Obama***.





**11.** Fyrrverandi konungur Nepals yfirgaf forsetahöllina eftir að landið var gert að lýðveldi.

**8. Spánverjinn Rafael Nadal sigraði Roger Federer í franska meistaramótinu í tennis. Þetta var fjórða árið í röð sem Nadal vann mótið.**



## Júlí



**2. *Ingrid Betancourt*** hlaut frelsi ásamt fjórtán öðrum gíslum. Hún hafði verið fangi FARC-skæruliðanna í Kólumbíu í sex ár.

**18. *Nelson Mandela*, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, fagnaði 90 ára afmæli sínu.**





**21.** Bosníuserbinn ***Radovan Karadzic*** var handtekinn í Serbíu eftir að hafa verið á flótta undan alþjóðlegri réttvísi í tólf ár.

## Ágúst

**8.** Meðal sigurvegara á Ólympíuleikunum í Kína var bandaríski sundmaðurinn Michael Phelps, sem vann átta gullverðlaun, og spretthlauparinn ***Usain Bolt***, sem setti heimsmet í 100 og 200 metra hlaupi.



**8. Georgía réðst með hervaldi gegn sjálfstjórnarhéraðinu Suður-Ossetíu, sem varð upphafið að skammvinnu en hörðu stríði við Rússland.**





**18. *Pervez Musharraf*** sagði af sér sem forseti Pakistans, og kom þar með í veg fyrir að þing landsins setti hann af.

## September

**10.** Fyrstu tilraunir gengu að óskum þegar risavaxinn öreindahraðall var gangsettur í Sviss.



**15. Fall *Lehman Brothers* orsakaði fall stórra fjármálastofnana við upphaf stærstu fjármálakreppu sem heimurinn hefur þolað frá kreppunni miklu.**



**26.** Ofurhuginn ***Yves Rossy*** flaug yfir Ermarsund með vængi og þotuhreyfil á bakinu á um níu mínútum, á um 200 kílómetra hraða á klukkustund.

## Október

**1.** Ford fagnaði því að 100 ár voru liðin frá því fyrsti ***Ford-T*** bíllinn leit dagsins ljós.






**22. Indland sendi ómannað geimfar á braut um tunglið.**



**27.** Harðir bardagar í Kongó milli uppreisnarforingjans ***Laurent Nkunda*** og stjórnarhersins leiddu til allsherjarupplausnar í landinu.

## Nóvember



**2. Hinn 23 ára *Lewis Hamilton* vann keppni ökumanna í Formúlu 1-kappakstrinum, yngstur ökumanna í sögu keppninnar.**

**4.** Demókratinn ***Barack Obama*** varð fyrsti hörundsdökki Bandaríkjamaðurinn til að verða kjörinn forseti.





**26.** Hryðjuverkamenn myrtu í það minnsta 172 í árásum í Mumbai á Indlandi. Það tók lögreglu rúmlega 48 stundir að ráða niðurlögum byssumannanna.

## Desember

**3.** Starfsemi á stærsta millilandaflugvelli Taílands komst á réttan kjöl eftir átta daga mótmæli stjórnarandstæðinga.





**7. Óeirðir brutust út í Aþenu og öðrum grískum borgum eftir að lögreglumaður skaut fimmtán ára dreng til bana.**



**15.** Talið er að yfir 1.000 hafi látist af völdum kóleru í Simbabve, og um 20 þúsund til viðbótar smitast.

© GRAPHIC NEWS

# BARA Í DAG OG BARA Á MORGUN

# 50%

## Kayakar á hálfvirði
## Haglabyssur á hálfvirði
## Byssuskápar á hálfvirði
## Vöðlur á hálfvirði
## Jakkar á hálfvirði
## Skotveiðigallar á hálfvirði
## Kayakgallar á hálfvirði
## Veiðistangir á hálfvirði
## Veiðihjól á hálfvirði
## Sjónaukar á hálfvirði

**Bókstaflega bara allt í veiðina og kayakinn á hálfvirði en bara í dag og bara á morgun. og bara í Sportbúðinni Krókhálsi 5**

**Það er ekkert sem á eftir að toppa þessa útsölu í ár!**

**Opið til 20 í kvöld og frá 10 til 18 á morgun, þriðjudag**

SPORTBÚÐIN

Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Með nýju ári koma ný verkefni.

## Stöðugleiki í stað eilífðarsveiflna

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Viðburðaríku ári fer nú senn að ljúka. Ári sem komandi kynslóðir eiga eftir að læra um í sinni Íslandssögu og það er því upp á okkur komið hvernig kennslustundin verður. Munum við ná að vinna okkur út úr bankahruninu með skynsemi, eða mun kennslustundin fjalla um hvernig margar rangar ákvarðanir héldu áfram að hlaða undir vandann í staðinn fyrir að leysa hann?

Vandræði margra heimila hófust ekki nú í október, heldur í mars þegar gengi krónunnar fór að falla, erlend lán hækkuðu sem og innfluttar vörur og með því verðbólgan. Nú um áramót horfum við aftur á móti með pínu söknuði til þess tíma þegar gengisvísitalan stóð þarna í kringum 160 stigin fram undir septembermánuð. Nú á meðan verið er að reyna að koma henni aftur undir 200. „Krónan verður gjaldmiðill þjóðarinnar enn um sinn, engum til gleði eða gagns," skrifaði Benedikt Jóhannesson hér í Fréttablaðinu í gær. Það er kórrétt greining hjá honum. Íslenska krónan er ekki gæfuleg táknmynd sjálfstæðis eða fullveldis, líkt og unnendur hennar hafa haldið fram, þegar hún heldur þjóðinni í höftum og ýtir undir hagsveiflur í stað þess að hvetja til stöðugleika. En í bili höfum við ekki aðra möguleika á gjaldmiðli. Einhliða upptaka evrunnar mun væntanlega reynast Íslandi of dýrkeypt, að minnsta kosti mun hún reynast dýr miðað við heilsufar krónunnar.

Þeir eru reyndar orðnir fáir, unnendur íslensku krónunnar. Við notum hana, af því við höfum ekki annarra kosta völ, en það bíða allir eftir andlátinu. Ársins í ár verður minnst sem ársins sem krónan lést, þrátt fyrir að úrskurðuð dánarstund verði ekki fyrr en eftir nokkur ár. Fyrir þá sem það þurfa er hægt að hugga sig við það að verið er að ræða það innan mun stærri myntsvæða að þeirra myntir séu í raun andvana, myntir eins og danska krónan og breska pundið. Hvers á hin örsmáa íslenska króna þá að gjalda?

Leit að lausn þessa gjaldeyrisvanda er eitt af mörgum verkefnum nýs árs, verkefni sem verður að takast á við með raunsæi, þó svo bjartsýnin sé kannski ekki mikil, og leysa með sóma. Öll þau verkefni snúa að því hvernig við byggjum upp Ísland til framtíðar, land sem við getum verið stolt af og snýst um stöðugleika en ekki sveiflurnar. Hvernig við getum stýrt landinu til hagvaxtar án ýktrar þenslu. Hvernig við byggjum upp nýjar atvinnugreinar sem byggja á menntaðri og hæfileikaríkri þjóð, en látum ekki áfall þessa árs draga úr okkur kjark. Árið 2009 þarf ekki að vera ár hnípinnar þjóðar í vanda, heldur skal það verða ár hnarreistrar þjóðar í leit að lausnum.

Sem stendur er einblínt á ábyrgð og sekt. Skilanefndir bankanna þurfa að fara að skila af sér, Þeir sem sváfu á verðinum þurfa að axla sína ábyrgð. Það þarf að komast til botns í því hvort einhver refsiverð háttsemi hafi átt sér stað. Réttarríkið þarf að sýna að það standi sína plikt, þannig að dómstólar götunnar róist. Best hefði verið að rannsóknir og rannsóknarnefndir hefðu starfað fyrir opnum tjöldum, eða að minnsta kosti heyrt undir upplýsingalög. Vonandi verður afl almennings til að hafa skoðanir og velta fyrir sér samfélaginu jafn kröftugt þegar umræðan um sökudólga dvínar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki gleyma aðalatriðunum

Enginn skyldi fara í grafgötur með að nóg sé að gera í Seðlabankanum þessa dagana. Það þarf að endurreisa eins og eitt stykki efnahag og í mörg horn að líta við þau störf. Starfsmenn bankans eru hins vegar fjölhæfir og gleyma ekki litlu, en gríðarlega mikilvægu verkunum.

Þannig greinir bloggarinn Alda Sigmundsdóttir, á heimasíðu Guardian, frá tölvubréfi sem henni barst úr bankanum. Alda heldur úti síðunni The Iceland Weather Report, þar sem hún skrifar á ensku. Alda svaraði bréfinu samviskusamlega en ekkert gerðist. Hún hringdi síðan í númerið sem gefið var upp og bankastarfsmaður, heldur þurr á manninn, svaraði og jú hann þurfti nauðsynlega að ná í hana.

Og erindið? Jú, verið var að vitna í síðuna hennar í erlendum fjölmiðlum og því vildi Seðlabankinn fá að vita hver héldi henni úti. Gott að menn gleyma ekki aðalatriðunum í Seðlabankanum.

### Leitt hún skyldi vera skækja



Páll Magnússon, formannskandídat í Framsókn, hefur farið mikinn og kallar nú Samfylkinguna skækju. Biflíufróðir menn vita að orðin „skækja" og „hórdómur" voru notuð yfir hjáguði. Nú er spurning hvort í þetta megi lesa pólitíska trú Páls? Að Samfylkingin sé hjáguð en hinn eini sanni guð sé þá … tja, Sjálfstæðisflokkurinn?

### Tillitsleysi



Þó eru þeir til sem gleyma aðalatriðunum. Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, bendir á að það eigi við um Bandaríkjamenn. Hann minnir á að Bandaríkjamenn hafi horfið með lið sitt héðan af landi án þess að virða stöðu vina sinna: Sjálfstæðisflokks og Moggans. „Þetta hirðuleysi Bandaríkjamanna er ekki gleymt," segir Styrmir sár.

Bush gerði sér nefnilega ekki grein fyrir því að helsta ástæða veru bandarísks hers á Íslandi væri tillitssemi við tilfinningar Moggafólks.

kolbeinn@frettabladid.is

## Glópagullöldin



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Um áramót

Hér gæti verið fyrirmyndarsamfélag. Þetta er fámennt millistéttarsamfélag þar sem obbinn af fólki hefur það býsna gott og ætti að vera nóg afgangs til að rétta þeim hjálparhönd sem standa höllum fæti, reka fyrirmyndarskóla, trausta spítala og hlýleg elliheimili, leggja beina og breiða vegi, starfrækja öflugt almannaútvarp, efla nýsköpun, hlúa að sprotum í atvinnulífi … og svo framvegis. Það hvernig komið er fyrir þjóðinni er algerlega fáránlegt. Það er yfirgengilegt. Það er óskiljanlegt.

Hér eru rúmlega þrjú hundruð þúsund manns og þetta gæti hæglega verið fyrirmyndarsamfélag. Dugnaður og ósérhlífni eru almennt taldar höfuðdyggðir og frá vöggu til grafar þrá menn það unnvörpum að skapa verðmæti. Menntun er almennt ágæt, hugvitið ærið, einstaklingsframtakið samfara sköpunargleði. Útsjónarsemi og verksvit í umgengni við vélar eru verðmætt veganesti úr sveitamenningunni þar sem ekki er hægt að fara með vélarnar á verkstæði. Auðlindir eru miklar: landið sem forðum skemmdi sín börn er nú gjöfult og gott, fagurt og frítt. Hér ríkir sterk samkennd og ekki að undra hjá slíku þjóðarkríli – dálítið bernsk trú á íslenskan sérleik, ýmist sérstöku erindi í heiminum eða fullkominni erindisleysu. Setningarnar „Við erum æðisleg" og „Við erum ömurleg" eru sín hvor hliðin á sömu hugsun um sérstöðu.

Því að mannanna eiginleikar eiga sér plúshliðar og mínushliðar; og hið sama gildir um þjóðareinkenni. Það er undir stjórnvöldum komið hvort tekst að draga fram plúshliðarnar á eiginleikunum eða mínushliðarnar.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það hvernig til hefur tekist við það hin seinni árin. Dugnaðurinn og ósérhlífnin einstaklingsframtakið hefur brotist fram í tilviljanakenndri hjarðgræðgi sem lýsti sér í taumlausum húsabyggingum eins og holir steinkofar vitna um hundruðum saman þar sem enginn býr nema vindurinn gnauðandi um glópsku mannanna. Útsjónarsemin og vélavitið hefur einkum birst í einhverju ískyggilegasta bílabæli á byggðu bóli þar sem menn þjösnast um þröngar götur á margbreyttum jöklabílnum. Og menntunin, bókvitið ærna sem ekki yrði í askana látið – fór þetta ekki meira og minna í að upphugsa verðbréfabrellur og leikfléttur til að skálda auð, sjúga peninga úr fyrirtækjum sem störfuðu í raunverulega heiminum við að gera eitthvað raunverulegt fyrir raunverulegt fólk gegn raunverulegu gjaldi? Og samkenndin okkar: þessi fallegi eiginleiki Íslendinga sem kemur fram svo sterkt í baráttunni við náttúruöflin – þessi samkennd hefur hin seinni árin einkum komið fram í samþöggun. Vissulega heyrðust gagnrýnisraddir á framferði gullglópanna en þær voru strjálar og jafnvel útbreidd það viðhorf að smáræðis glæpastarfsemi væri ekki nema hvimleiður fylgifiskur hins dásamlega eftirlitsleysis með viðskiptum sem hér var ruglað saman við frelsi.

Samfélagið okkar steytti á skeri um síðir – stefna óhófs og hinnar glöðu græðgi leiddi til óhjákvæmilegrar niðurstöðu: hruns. Og nú getum við sem sé byggt upp fyrirmyndarsamfélagið sem svo hæglega gæti verið hér ef okkur tekst að losa okkur við hina landlægu spillingu sem hér hefur þrifist undir ráðörum alþjóðasamfélagsins, klíkuveldið, Flokksræðið, ósýnilegu bræðralögin sem saman breiða yfir „uppsafnað vanhæfið" eins og Stefán Jón nefndi það í snjallri grein hér í blaðinu í fyrradag.

Ýmislegt jákvætt kemur út úr hruninu. Unga fólkið streymir út á göturnar og finnur að það hefur söguna undir fótum sér þar sem það þrammar í átt að kröfunni um réttlæti og skynsemi. Aftur beinir fólk augunum að raunverulegum verðmætum – mannlegu samneyti, skjóli, visku, kærleika – og horfir furðu lostið á þá furðutíð sem hvarf í haust, þessa gullöld sem færði okkur ekkert nema gull – ekkert nema glópagull – og skildi ekkert eftir sig nema steinsteypukofana á víð og dreif um höfuðborgarsvæðið vofum og vindi að leik.

Þar með er hrundið að sinni markvissri tilraun Flokksins sem hófst með innleiðingu kvótakerfisins og snerist um að gera Ísland að fyrirmyndarríki óðakapítalismans, misskiptingar, stéttskiptingar, græðgi, neysluofboðs, glópagulls.

Hér gæti verið fyrirmyndarsamfélag – samfélag sem snerist um jöfnuð og svigrúm, sköpun og hæfilegan dellugang, samkennd, frjálsa tjáningu, líf, verðmætasköpun. En áður en það gerist verða mínusmennirnir að víkja – stjórnmálamennirnir sem virkjuðu mínushliðar þjóðareinkennanna – og gullglóparnir sem létu greipar sópa um sparifé almennings um alla Evrópu – verða að gjöra iðrun og yfirbót og setjast allir sem einn á námskeið hjá Vilhjálmi Bjarnasyni aðjúnkt.

## Útkall í desember

UMRÆÐAN

Kristinn Ólafsson skrifar um flugeldasölu



KRISTINN ÓLAFSSON

Desembermánuður hefur verið annasamur hjá sjálfboðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þúsundir klukkustunda hafa farið í aðstoð við samborgarana. Ekki skiptir máli hvort ferja þurfi þakplötu á höfuðborgarsvæðinu eða aðstoða fastan bíl á fjallvegi á Hellisheiði; björgunarsveitirnar eru alltaf viðbúnar og sinna kallinu.

Uppbygging björgunarmála er einstök hér á landi. Landsmenn treysta á björgunarsveitirnar þegar veður eru vond og færð spillist. Alltaf er hægt að treysta á björgunarsveitirnar og þær leysa alltaf verkefni sín örugglega án þessa að taka greiðslu fyrir. Í desember þurfa björgunarsveitirnar að treysta á að þjóðin standi með þeim í flugeldasölunni. Flugeldasalan er langstærsta fjáröflun björgunarsveitanna og stendur þessi fjáröflun undir stærstum hluta rekstrar þeirra. Björgunarsveitirnar hafa byggt upp flugeldamarkaðinn og kennt þjóðinni að fara með þessa vöru á ábyrgan hátt. Til dæmis hefur flugeldagleraugum verið dreift síðustu árin til almennings og er það orðin almenn regla að allir sem fara með flugelda noti flugeldagleraugu.

Undanfarið hefur samkeppnin á flugeldamarkaðnum aukist verulega og hafa fjölmargir einkaaðilar komið inn á markaðinn og farið að keppa við björgunarsveitirnar. Þessir aðilar nota mismunandi aðferðir til að koma vörum sínum á framfæri og reyna sumir að líkja eftir flugeldamörkuðum björgunarsveitanna með því að skreyta sölustaðina með blikkljósum og klæðast fatnaði í skærum litum. Mikilvægt er að almenningur hugi vel að því hvar flugeldarnir eru keyptir og forðist eftirlíkingar. Flugeldamarkaðir björgunarsveitanna eru langoftast vel merktir og því ætti ekki að vera erfitt að fullvissa sig um að réttur sölustaður hafi orðið fyrir valinu.

Án stuðnings almennings og velvilja atvinnurekenda gætum við aldrei haldið úti svo öflugum björgunarsveitum. Það hefur myndast sátt um þetta fyrirkomulag og er mikilvægt að standa vörð um það.

Óska öllum gleðilegra áramóta og hvet fólk til að fara varlega með flugeldana og fylgja leiðbeiningum.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**BJÖRGUNARSVEITIR** safna gömlum farsímum undir yfirskriftinni Svaraðu kallinu. Símarnir verða sendir til þýsks fyrirtækis sem endurnýtir símana og sendir suma þeirra til þróunarlanda. Björgunarsveitirnar munu taka á móti símum á flugeldasölustöðum um allt land.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

*„Glæsilegt undir áramótadressið!"*



teg. Amethyst - korsilett með push up BH í BC skálum á **kr. 9.985,-** bandabuxur í stíl á **kr. 2.990,-**



teg. Amethyst - hlýralaus push up BH í BCD skálum á **kr. 6.990,-** sokkaband í stíl í S,M,L,XL á **kr. 3.550,-**

**Misty.is**
Laugavegi 178 • Sími: 551-3366
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

„...fyrst á visir.is"

visir.is
...ég sá það á visir.is




Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki





Sirrý setur sig í sérstakar stellingar og þannig streyma upplýsingarnar til hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fleiri hneyksli koma upp á yfirborðið á næsta ári

**Í lok árs lítur fólk um öxl og skoðar farinn veg en mörgum leikur einnig forvitni á að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Fréttablaðið fékk Sirrý Sigfús spákonu til að skyggnast inn í framtíðina.**

Ekki stendur á svörum hjá Sirrý spákonu þegar hún er beðin um að rýna inn í árið 2009. Hún segir að á flestum brenni sú spurning hvað verði um ríkisstjórnina.

„Ég get ekki séð að það verði kosningar enda væri það að mínu mati fásinna að boða til þeirra. Þá myndu þeir sem tækju við bara afsaka gjörðir sínar með því að segja að þeir væru að hreinsa upp skítinn eftir hina og það myndi kalla yfir okkur eitthvað enn þá verra. Það verða samt sviptingar innan ríkisstjórnarinnar og það verður hreinsað til," fullyrðir Sirrý.

Hún á von á því að einhverjir peningar muni skila sér til baka úr vasa fjárglæpamanna eins og hún kýs að kalla þá. „Mér finnst líka eins og fleiri hneyksli, sem tengjast Jóni Ásgeiri og Björgólfsfeðgum, eigi eftir að koma upp á yfirborðið. Nú ef við snúum okkur að Davíð Oddsyni þá get ég ekki séð að hann komi til með að hætta sem seðlabankastjóri og á ekki von á því að hann verði rekinn. Ef hann hættir þá gerir hann það á eigin forsendum en ég get ekki séð að það verði á næsta ári."

Sirrý segir að alvarlegum umferðarslysum komi til með að fækka á næsta ári og hún á ekki von á náttúruhamförum. „Það verður eflaust vart við einhverja skjálftavirkni en ég á ekki von á alvarlegum hamförum. Ég á hins vegar von á því að fíkniefnalögreglan eigi eftir að finna mikið magn af fíkniefnum og að hún muni jafnvel ná að uppræta stóran fíkniefnahring. Það verða einnig breytingar á útlendingalöggjöfinni í þá veru að landið verður ekki eins opið og verið hefur.

Sirrý segir von á áþreifanlegum breytingum í júní. „Mér finnst eins og það fari að birta til hjá okkur í júní. Það þurfa auðvitað allir að sníða sér stakk eftir vexti í ríkjandi árferði en mér finnst fólk ekki þurfa að vera svona svartsýnt og óttaslegið því með vorinu birtir til. *vera@frettabladid.is*



**Þinn stuðningur skiptir öllu máli**




FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

28. des. kl. 10-22
29. des. kl. 10-22
30. des. kl. 10-22
31. des. kl. 8-16

www.landsbjorg.is • www.bjorgunarsveit.is

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES



**KAMPAVÍN** er vinsælt að skála í klukkan tólf á gamlárskvöld. Bera á kampavín fram í háum, grönnum glösum því þá haldast loftbólurnar lengur í víninu og bragðgæðin haldast betur en ef vínið er borið fram í lágum og víðum glösum.




# Sérstæðir áramótasiðir

**Siðir um áramót geta verið skondnir og skemmtilegir. Til dæmis er til siðs á Spáni að borða tólf vínber á miðnætti á gamlársdag en á Filippseyjum hoppa börnin tíu sinnum meðan klukkan slær tólf.**

Í Cornwall á Englandi er siður að setja kol og silfurpeninga fyrir framan útidyrnar á nýársnótt. Það á að tryggja íbúum hússins yl og næga peninga út árið.

Í Þýskalandi nota menn lauka til að spá fyrir um veðrið á nýja árinu. Sex laukar eru skornir í tvennt og salti dreift í sárin. Hver helmingur stendur fyrir einn mánuð ársins. Eftir nokkrar klukkustundir eru laukarnir skoðaðir. Ef saltið hefur horfið inn í laukinn þýðir það vætusama mánuði. Ef saltið er enn utan á lauknum þýðir það hita og þurrviðri.

Á nýársdag í Grikklandi er borin á borð sérstök kaka sem heitir Vassilopitta. Í kökunni er silfur- eða gullpeningur. Sá sem finnur peninginn mun eiga gæfuríkt ár.



Á Spáni er siður að borða tólf vínber á miðnætti á gamlárskvöld.

Á Spáni er siður að borða tólf vínber á miðnætti á gamlárskvöld, eitt í hvert skipti sem klukkan slær. Fæstum tekst að koma niður tólf vínberjum á tólf klukkuslögum, en siðurinn vekur kátínu þar sem fólk óskar hvert öðru gleðilegs árs með fullan munn af vínberjum.

Í Austurríki borða menn svínakjöt á nýárskvöld, vegna þess að svín eru svo dugleg að róta sér áfram. Sælgæti er líka borið fram í formi grísa og svína. Humar er ekki borðaður á gamlárskvöld, en neysla hans boðar afturför á árinu.

Í Brasilíu er því trúað að linsubaunajurtin tákni ríkidæmi og linsubaunasúpa er borðuð á nýársdag eða linsubaunir og hrísgrjón.

Á Filippseyjum hoppa börnin tíu sinnum meðan klukkan slær tólf, en það þýðir að þau muni stækka meira á nýja árinu.

Í Rúmeníu trúa menn að dýrin fái mál um miðnætti, en sömuleiðis að það boði ógæfu að heyra þau tala.

Á nýársdag í Egyptalandi mega allir klæðast skærum fötum, jafnvel stúlkurnar sem klæðast yfirleitt svörtu. Börnum er einnig gefið nammi en strákarnir fá nammi í laginu eins og strákur á hestbaki en stelpur fá nammi í laginu eins og stelpa í kjól.

Á gamlársdag í Víetnam er planta, lík bambusplöntunni, gróðursett í garði fjölskyldna. Fjölskyldur skreyta síðan plöntuna með bjöllum, blómum og rauðum borðum til að vernda fjölskylduna gegn illum öndum.



Í Austurríki er borið fram sælgæti í formi grísa og svína því svín eru svo dugleg að róta sér áfram.

Í Mexíkó eru konur í rauðum nærfötum á áramótum, en það eykur líkurnar á að þær finni ástina á nýju ári.



Í Mexíkó eru konur í rauðum nærfötum til að auka líkur á að þær finni ástina.



## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4530.**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Meðleigjandi óskast, 15-20 fm, herb.m. aðgang að öllu í 108 rvk. V 45 þ á mán. s: 690-4597. Svanhildur

Glæsileg 2 herb. íbúð með góðu útsýni í Mos. Frá 1.jan. S. 821 4978 & 555 4968.

R-109 Snyrtileg 2ja herb kj-íbúð í fallegu og rólegu hverfi. Reykl og reglus. V.79þús. Sími 695 1790

Til leigu lítil studioíbúð rétt við Iðnskólann í Rvk. Leigusamningur. S. 866-4754 og 557 5058.

Herbergi Með húsgögnum langtímaleiga við Lokastíg ,101 Reykjavík Kr 35.000. sími 861 4142 kl 8.00 til 18.00

Stúdíó Vesturbergi 195 60 fermetrar sér inngangur ,hundar og kettir velkomnir langtímaleiga kr 70.000. 2 mánuðir fyrirfram sími 861 4142 kl 8.00 til 18.00

Til leigu ný, glæsileg 107 fm, 3ja herb íbúð í Sjálandshverfi í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

Appartment 90m2 í Garðabæ ósamþ nýleg mjög opin hátt til lofts. V 110þús 8927858

Fullbúin gæða íbúð 75 fm. Húsgögn, raftæki & arinn. Við Sogaveg. Einstkl. eða par. Aðeins 90 þús. S. 892 0844.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Húsnæði óskast

Vantar húsnæði fyrir reglusaman mann í námi hjá HÍ, frekari uppl. í s. 868 6750.

### Geymsluhúsnæði

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Stefnumót.is**
Nýr og vandaður vefur fyrir fólk sem vill kynnast með félagsskap, vinskap eða varanleg kynni í huga. Ekkert rugl, engin nekt, ekkert lauslæti. Vertu velkomin/n í heimsókn.

**32 ára strákur**
ljóshærður, í mjög fínu formi, vill kynnast karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8759.

**Ný upptaka!**
Ung kona í afar innilegum leik í sófanum sínum! Njóttu lífsins með henni í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, miklu ódýrara), upptökunúmer 8754.

**54 ára karlmaður**
vill kynnast sér yngri manni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8344.

**Kona á miðjum aldri,**
blíð og góð, ágætlega stæð, búsett rétt utan Reykjavíkur, vill kynnast einhleypum karlmanni sem er með allt sitt á hreinu, bæði fjárhagslega og að öðru leyti. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8904.




### Tilkynningar

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Norðausturvegur, 2. áfangi, Bunguflói-Vopnafjörður, Vopnafirði, breyting á efnistöku.**

**Jarðstrengur, 66 kV og ljósleiðari, frá Varmahlíð að Sauðárkróki, Sveitarfélaginu Skagafirði**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til

**30. janúar 2009**

**Skipulagsstofnun**

### Fasteignir

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**Skrifstofuhúsnæði óskast til leigu**

Traustur aðili óskar að taka á leigu 250 fm skrifstofuhæð. Æskileg staðsetning er Miðborgin, Múlar eða Borgartún. Til greina kemur að leigja skrifstofupláss með öllum húsgögnum.

**Allar nánari upplýsingar veitir**
**Sverrir Kristinsson**
**löggiltur fasteignasali í síma 861-8514**


**Fasteignablaðið**
**512 5469**
**694 4103**

**Ruth Bergs**
**ruth@365.is**

**Auglýsingasími**
**512 50 50**

– Mest lesið


ÚTSALA
ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR
Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur.
ÚTSALA ÁRSINS
MÁNUDAG 10:00 - 19:00
ÞRIÐJUDAG 10:00 - 19:00
MIÐVIKUDAG 09:00 - 12:00
AÐEINS 3 DAGAR EFTIR
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**TED DANSON LEIKARI ER 61 ÁRS Í DAG.**

*„Það fer um mig þegar ég leiði hugann að klónun manna. Hverjum datt sú vitleysa í hug? Nú verður að gjöra svo vel að útbúa lista yfir fólk sem má og má alls ekki láta klóna sig.“*

***Ted Danson er mörgum minnisstæður í hlutverki Sams Malone í sjónvarpsþáttunum Staupasteini, sem sýndur var í tylft ára. Hann er ötull náttúruverndarsinni og ljær hafinu mestu krafta sína.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. DESEMBER 1989

## Václav Havel forseti Tékkóslóvakíu



Václac Havel var kjörinn forseti Tékkóslóvakíu þennan dag fyrir nítján árum. Havel er tékkneskt leikritaskáld, rithöfundur og stjórnmálamaður. Hann var tíundi og síðasti forseti Tékkóslóvakíu, frá 1989 til 1992, og fyrsti forseti Tékklands, frá 1993 til 2003. Havel hefur skrifað á þriðja tug leikrita og ótal bækur sem þýddar hafa verið yfir á fjölmörg tungumál.

Havel hóf afskipti af stjórnmálum í Tékkóslóvakíu snemma á sjöunda áratugnum. Hann var fangelsaður fyrir þátttöku sína í mannréttindabaráttunni Charter 77 árið 1977, en í henni vakti hann heimsathygli fyrir forystu sína í stjórnarandstöðuflokknum Civic Forum. Það var svo í Flauelsbyltingunni árið 1989 sem Havel settist í forsetastól, en í því hlutverki breytti hann Tékkóslóvakíu, og síðar Tékkland, í fjölflokka lýðræðisríki. Á þeim þrettán árum sem Havel gegndi embætti forseta urðu stórstígar framfarir hjá þjóð hans, þar á meðal aðskilnaður við Slóvakíu, innganga í NATO og upphaf viðræðna um inngöngu í Evrópusambandið, sem lauk árið eftir að hann lét af embætti.

### MERKISATBURÐIR

**1845** Texas verður 28. ríki Bandaríkjanna.

**1908** Ofsaveður gerir á Suðurlandi. Kirkjur á Stóra-Núpi og Hrepphólum fjúka og brotna.

**1920** Stjórnvöld í Júgóslavíu banna Kommúnistaflokkinn.

**1940** Þjóðverjar hefja sprengjuárás á Lundúnir í seinni heimsstyrjöldinni.

**1955** Barbra Streisand tekur upp fyrsta lag sitt, þá 13 ára gömul.

**1982** Jamaíka gefur út frímerki til heiðurs Bob Marley.

**1985** Brjóstmynd af Gunnari Thoroddsen afhjúpuð við Fríkirkjuveg í Reykjavík, á 75 ára fæðingarafmæli hans.



**GÓÐ GJÖF** Gunnar Helgi með foreldrum sínum, Friðriku H. Geirsdóttur og Stefáni H. Hilmarssyni, ásamt nokkrum starfsmönnum vökudeildarinnar.

## Tveggja ára gefur vinning

Vökudeild Barnaspítala Hringsins fékk nýlega höfðinglega gjöf frá Gunnari Helga Stefánssyni og fjölskyldu hans. Um er að ræða 900 þúsund krónur sem hann vann í Happdrætti Háskóla Íslands. Fjölskyldan ákvað að láta féð renna til tækjakaupa fyrir vökudeildina. Ætlunin er að gjafaféð verði notað til kaupa á blóðgasa- og sýrustigsmæli sem einkum mun nýtast við sjúkraflutning á nýburum. Slíkur mælir eykur til muna öryggi barna við sjúkraflutninga.

Gunnar Helgi, sem nú er tveggja ára, vó aðeins 3 merkur við fæðingu og dvaldi hann fyrstu fjóra mánuði ævinnar á vökudeildinni. Þrátt fyrir að hafa verið veikburða við fæðingu er hann kröftugur drengur í dag og augasteinn foreldra sinna.

ÚTVEGSMANNAFÉLAG NORÐURLANDS: KVEÐUR 100 ÁRA AFMÆLISÁR SITT

# Hagsmunamál útvegsmanna þau sömu og fyrir öld síðan

„Það var á kaupfélagsfundi á Völlum í Svarfaðardal að nokkrir af helstu útvegsmönnum við utanverðan Eyjafjörð voru staddir til skrafs og ráðagerða í mars 1908. Þá ákváðu þeir að boða til almenns fundar útvegsmanna í Hrísey síðar í mánuðinum; til að ráða áhugamálum sínum, en einkum að stofna útgerðarmannafélag,“ segir Kristján Vilhelmsson, framkvæmdastjóri útgerðarsviðs Samherja. Kristján er núverandi formaður Útvegsmannafélags Norðurlands sem varð aldargamalt á því herrans ári sem nú er að líða.

Fundurinn í Hrísey var haldinn 16. mars 1908, þar sem mættu fjörutíu útvegsmenn austan og vestan Eyjafjarðar. Umræður voru líflegar og allir sem tóku til máls voru á þeirri skoðun að nú væri tímabært að stofna samtök útvegsmanna.

„Að því loknu sneru fundarmenn sér að því að ræða hagsmunamál útgerðarinnar, sem eru í stórum dráttum þau sömu nú og fyrir hundrað árum. Þau lúta að rekstrarkostnaði útgerða, sem mönnum er ávallt hugleikinn, en þrír stærstu kostnaðarliðirnir þar eru olíu-, veiðarfæra- og launakostnaður, ásamt ytri aðstæðum, aflagengd og markaðsaðstæðum,“ segir Kristján.

Í auglýsingu sem birtist í Norðra þann 7. apríl 1908 er boðað til stofnfundar Útvegsmannafélags Norðurlands í Hrísey 28. apríl sama ár, þar sem álitsgerð um stöðu sjávarútvegs Norðlendinga var lögð fram. Þar kemur fram að sjávarútvegur við Norðurland var orðinn þýðingarmikill atvinnuvegur og stundaður af sérstakri stétt útvegsmanna, en ekki sem aukavinna bænda, eins og áður hafði tíðkast.




**ÚTGERÐ STÓRRA SKIPA Í 100 ÁR** Kristján Vilhelmsson um borð í nótaskipinu Súlunni. Súlan hefur ávallt verið aflasæl og fangar afla sinn með hringnót. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

„Útvegsmannafélag Norðurlands er enn í dag félagsskapur útvegsmanna á Norðurlandi sem eru með rekstur á stærri skipum, allt frá Hvammstanga til Þórshafnar á Langanesi. Stofnfélagar voru upphaflega þrjátíu og fleiri útvegsmannafélög voru stofnuð á Íslandi um líkt leyti. Í dag hefur þeim fækkað verulega á Norðurlandi, en alls eru nú sautján félög í Útvegsmannafélagi Norðurlands, sem starfar undir Landssamtökum íslenskra útvegsmanna (LÍÚ),“ segir Kristján. Hann bætir við að nútímamaðurinn glími enn við sömu hindranir og fyrirrennarar hans í íslenskum sjávarútvegi fyrir hundrað árum.

„Spurning morgundagsins er alltaf gangandi og sú sama: Getum við selt vörurnar á morgun líka? Miðað við stöðu sjávarútvegs í dag er sú spurning mjög áleitin, jafnvel þótt vel gangi. Íslendingar hafa ekki enn áttað sig á því að fjármálakrísan hrellir flesta heimsbúa um þessar mundir og það erum ekki bara við sem skerum dýrasta kjötið af matseðli okkar. Útlendingar gera það líka, hafa breytt neyslumynstrinu og sniðganga dýrari fisktegundir eins og þorsk og humar í auknum mæli.“

Engin hátíðahöld eru áformuð vegna tímamótaafmælis Útvegsmannafélags Norðurlands. „Við erum nú ekkert sérstaklega veisluglaðir og stendur ekki til að gera mikið úr afmælinu héðan af, en minnumst þessara merku tímamóta vitaskuld með stolti.“ **thordis@frettabladid.is**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Líndal Benediktsson**

Neðri-Hundadal,

lést laugardaginn 20. desember á Landspítalanum. Útför fer fram frá Kvennabrekkukirkju, Dalasýslu, þriðudaginn 30. desember kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11E fyrir alúðlega umönnun og hlýju.

**María G. Líndal og fjölskylda,**
**Svana Guðmundsdóttir og fjölskylda.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Teitur Magnússon**

skipstjóri, Kirkjulundi 8, Garðabæ,

sem lést laugardaginn 20. desember, verður jarðsunginn frá Garðakirkju þriðjudaginn 30. desember kl. 15.00.

**Guðný Sæmundsdóttir**
**Margrét Teitsdóttir** **Jón Ásgeir Eyjólfsson**
**Magnús G. Teitsson** **Erla S. Ragnarsdóttir**
**Oddný S. Teitsdóttir** **Ari F. Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

### AFMÆLI



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR** hagfræðingur er 43 ára.



**HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON** friðarsinni er 30 ára.



**MARIANNE FAITHFULL** söngkona er 62 ára í dag.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJÚKLINGABRINGUR
40%
AFSLÁTTUR
FERSKAR HOLTA KJÚKLINGABRINGUR
1798 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR/KG.
MÓA VEISLUFUGL
30%
AFSLÁTTUR
MÓA VEISLUFUGL M/FYLLINGU
805 kr./kg.
UNGNAUTA T-BONE
2759
UNGNAUTA T-BONE STEIKUR
(frystivara) 2 x 450g 2759 kr.
KALKÚNASTEIKUR
2498
KALKÚNASTEIKUR ÚR BRINGUKJÖTI
(frystivara) 10 x 100g 2498 kr./kg.
UNGNAUTAHAKK
ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAKK
1084 kr./kg. MERKT VERÐ 1549 KR./KG.
SMYRILL
BÓNUS
129
BÓNUS SMYRILL
300g 129 kr.
trefjaríkt
BÓNUS
129
BÓNUS SÓLKJARNABRAUÐ
7 SNEIÐAR 129 kr.
trefjaríkt
BÓNUS
129
BÓNUS RÚGKJARNABRAUÐ
7 SNEIÐAR 129 kr.
ÍSLANDS NAUT
4 stk m/brauði
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAMBORGARAR
559 kr. MERKT VERÐ 798 KR.
FROSIN ÝSA
BEINHREINSUÐ M/ROÐI
698
FROSIN LÍNUÝSA FLÖK
698 kr./kg.
REYKTUR OG GRAFINN LAX
Lax
1259
Lax
1259
NF REYKTUR & GRAFINN LAX 30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
FLÖK OG BITAR.
SKELFLETTUR HUMAR
3998
NF SKELFLETTUR HUMAR
3998 kr./kg.
129 kr. stk
NÝBAKAÐ BAGUETTE
ALLA DAGA Í BÓNUS
CHICAGO TOWN
BRICK OVEN
498
CHICAGO BRICKOVEN PIZZA
585g 498 kr.
ENERGY DRINK ENERGY
79
ES ORKUDRYKKUR
250 ml 79 kr.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUDAGUR 29.DES: 12.00 TIL 18.30






**NOKKUR ORÐ**
**Freyr Gígja Gunnarsson**

# Yfirlýsing fyrir næstu jól

Síðustu mánuðir ársins hafa verið helgaðir matargerðarhæfileikum húsfreyjunnar sem tóku að blómstra þegar kreppan tók öll völd og bókin Maturinn hennar mömmu: leyndarmálin á bakvið uppstúf, soðningu, bjúgu og búðing, kom sér notalega fyrir uppi á eldhúsborðinuu.

Öll þessi skrif um mat og matargerð höfðu augljóslega skilað sér til ættingja og vina fyrir þessi jól. Þeir höfðu séð fyrir sér að allt heimilislífið snerist um að steikja, sjóða og baka. Klukkustundunum sem hafði verið eytt í óþarfa afþreyingu á borð við enska boltann hafði verið komið fyrir upp á hillu og allur tíminn notaður til að elda allan liðlangan daginn, allt árið um kring.

Þess vegna komu jólapakkarnir ekki ýkja á óvart. Upp úr kössunum komu hvorki tölvuleikir, golfkylfur né treyja frá Liverpool heldur hnífaparasett, sem mér skilst reyndar að sé Ping hnífaparanna, hrærivél, tvær matreiðslubækur og sósuskál.



Þakklætið fyrir gjafirnar er ótvírætt. En mér finnst samt ekki vanþörf á að gefa út yfirlýsingu fyrir næsta ár. Því þá verður nefnilega ekki einu orði minnst á eldamennsku. Allar hugsanlegar pælingar um matagerð verða látnar eiga sig og þess í stað verður öllum setningum eytt í knattspyrnuspekúlasjónir, kenningar um rétta sveiflu eða gagnsemi þess að stunda tölvuleikjadráp- eða íþróttir. Næst er nefnilega komið að húsfreyjunni að fá alltof stóran dræver, FIFA00 og spánnýja treyju, merkta Steven Gerrard í XL. Ef henni finnst hún ekki geta notað þessar glæsilegu gjafir, skal ég glaður taka við þeim.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | Garðabæ | posthusid.is
Pósthúsið – Ódýrari valkostur



# Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin



EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Innritun hafin á janúarnámskeið!

## Sími 581 3730

TT námskeið

TT – Átaksnámskeiðin sívinsælu.
Lokuð 9 vikna námskeið 3x í viku.
ATH **höfum bætt við nýjum tímum**
**kl. 10:15**

TT námskeið

TT 3
Lokuð 9 vikna átaksnámskeið
3x í viku fyrir stelpur 16-20+ ára

ROPE YOGA WORKOUT

Rope Yoga
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.
Lokuð 9 vikna námskeið
ATH **höfum bætt við nýjum tímum**
**kl. 10:00 miðviku- og föstudaga**

STOTT PILATES®

STOTT Pilates
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Josseph Pilates.
Síðdegistímar 2xí viku.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið

60+

60+
Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri

mótun

Nýtt! MÓTUN
Teygju- og styrktaræfingar.
Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur

### Þú getur strax byrjað að æfa!

Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að æfa – sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst.

Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal.

Á heimasíðunni okkar, **www.jsb.is** færðu svo nánari upplýsingar um það sem við höfum að bjóða.

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

## > BECKHAM KVEÐUR PEPSI

David Beckham hefur ákveðið að segja skilið við gosdrykkjaframleiðandann Pepsi eftir tíu ára samstarf. Beckham hefur undanfarinn áratug verið andlit Pepsi en hefur ákveðið að segja skilið við þann hluta lífs síns. Beckham sagði í yfirlýsingu að þetta hefðu verið góð tíu ár en þar hefði hann meðal annars fengið tækifæri til að leika á móti þeim Jennifer Lopez og Beyoncé.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Myndband Bjarkar flottast

Myndbandið við Wanderlust, lag Bjarkar Guðmundsdóttur, var valið besta myndband ársins 2008 af tónlistartímaritinu Spin. Spin gerði lista yfir tuttugu bestu myndböndin á árinu 2008.

Það er Encyclopedia Picture sem gerði myndbandið, en það eru tveir ungir leikstjórar, Sean Hellfritsch og Isaiah Saxon. Myndbandið er í þrívídd og allt var það handgert. Það tók þá um níu mánuði að gera myndbandið.



**ÚR MYNDBANDINU** Myndbandið við lagið Wanderlust, sem er í þrívídd, var valið besta myndband ársins af tónlistartímaritinu Spin.

**Listi Spin yfir bestu myndböndin er svona:**

1. Björk, „Wanderlust“
2. British Port Authority, „Toe Jam“
3. Gnarls Barkley, „Going On“
4. Weezer, „Pork and Beans“
5. Radiohead, „House of Cards“
6. MGMT, „Time To Pretend“
7. The Chemical Brothers, „Midnight Madness“
8. Le Le, „Breakfast“
9. Beyoncé, „Single Ladies“
10. Devendra Banhart, „Carmensita“
11. Thunderheist, „Jerk It“
12. Terry Lynn, „The System“
13. Utah Saints, „Somethin Good '08“
14. Yeasayer, „Wait for the Summer“
15. Feist, „I Feel It All“
16. Bowerbirds, „In Our Talons“
17. Bert and Ernie, „Ante Up“
18. Omaha Bitch, „Orgasmic Troopers“
19. Vampire Weekend, „Cape Cod Kwassa Kwassa“
20. Stars, „Bitches In Tokyo“



**SAMAN** Madonna og Guy stóðu við stóru orðin og héldu saman jól.

## Saman yfir hátíðarnar

**Guy Ritchie og Madonna grófu stríðsaxirnar yfir hátíðarnar og héldu saman jól. Reyndar eyddu þau bara öðrum degi jóla saman en á jóladag var Guy með strákunum sínum David Banda og Rocco á heimili sínu í Wiltskíri. Mæðgurnar Madonna og Lourdes opnuðu hins vegar pakkana saman í glæsilegri íbúð í London sem hún og Guy áttu saman fyrir skilnaðinn.**

**Á annan dag jóla sameinaðist fjölskyldan hins vegar í góðan göngutúr og að sögn sjónarvotta virtist fara nokkuð vel á með þeim Madonnu og Guy. „Þau virtust staðráðinn í að halda fjölskyldunni saman yfir jólin,“ sagði einn sjónarvottur við breska blaðið The People. „Það var eins og þau vildu sýna heimsbyggðinni að allar deilur hefðu verið lagðar til hliðar og að jólin skyldu vera gleðileg fyrir börnin,“ bætti sjónarvotturinn við.**

## Skemmir líf Lindsay

Michael Lohan, pabbi leikkonunnar Lindsay Lohan, er æfur út í kærustu hennar, Samönthu Ronson, og segir hana hafa slæm áhrif á dóttur sína. Segir Michael Lohan að hann hafi undir höndum mikið magn gagna sem sanni hversu slæm Ronson sé og hótar að gera gögnin opinber. „Hvaða alvöru vinnu hefur Lindsay fengið síðan hún byrjaði með Sam? Hún ætti kannski að fylgja fordæmi Britney og Drew og koma úr svartnættinu inn í ljósið,“ segir hann.

Michael er æfur vegna bloggfærslu sem birt var á Myspace-síðu Lindsay þar sem hann er gagnrýndur fyrir að eignast barn utan hjónabands síns og móður Lindsay. Vill Michael meina að Ronson hafi skrifað bloggfærsluna. „Ég mun leggja fram tölvupósta, SMS og hljóðupptökur sem sanna munu mál mitt. Ef Sam er til, þá er ég til.“



**LINDSAY LOHAN** Pabbi leikkonunnar er æfur út í Samönthu Ronson, kærustu hennar.

# Gamlar hetjur heimsóttu Ísland

**Framan af ári kom hingað hver tónlistargoðsögnin á fætur annarri til að skemmta landi og þjóð. Fréttablaðið tók saman stærstu nöfnin sem komu hingað en vegna efnahagsástandsins verður væntanlega einhver bið eftir því að fleiri flytjendur af þessari stærðargráðu reki á fjörur Íslendinga.**



**BOB DYLAN** Bob Dylan hélt sína aðra tónleika hér á landi í Nýju-Laugardalshöllinni 26. maí og stóð sig með mikilli prýði. Einhverjir söknuðu þó fleiri þekktra laga úr smiðju hans, enda af nógu að taka þar á bæ.



**WHITESNAKE** David Coverdale og félagar í Whitesnake komu aftur til Íslands eftir langa bið og tróðu upp í Laugardalshöll 10. júní við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ERIC CLAPTON** Gítarhetjan Eric Clapton sýndi fingrafimi sína á tónleikum í Egilshöll 8. ágúst fyrir framan fjölda áhorfenda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JOHN FOGERTY** Fyrrum forsprakki Creedence Clearwater Revival hélt uppi góðri stemningu í Laugardalshöllinni 21. maí og spilaði öll sín vinsælustu lög, þar á meðal Proud Mary, Down on the Corner og Bad Moon Rising. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**PAUL SIMON** Tónleikar Pauls Simon fóru fram í Laugardalshöll 1. júlí og kunnu áhorfendur vel að meta ómþýða tóna hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JAMES BLUNT** Bretinn James Blunt hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár, enda var troðfullt í Laugardalshöllinni 12. júní á tónleikum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Snúruflækjurnar úr sögunni

„Magneat er lítil græja sem er hugsuð til að halda utan um snúrur á heyrnartólum fyrir iPoda, mp3-spilara, farsíma og allt þetta sem fólk er að nota í dag,“ segir Pétur Guðmundsson hönnuður. „Þetta er segull sem þú vindur snúrunni upp á og smellir svo á þig græjunni. Snúruflækjur eru úr sögunni.“ Pétur segir Magneat vera sniðuga lausn á vandamáli sem margir glími við. Snúrur séu hannaðar fyrir þá stærstu og þvælist því fyrir þeim sem minni eru.

Auk Péturs eiga þeir Ísak Winther og Daði Agnarsson heiðurinn að Magneat. Þeir reka saman fyrirtækið Preggioni, sem einbeitir sér um þessar mundir aðallega að Magneat. Að sögn Péturs hefur það tekið þá félaga um tvö ár að hanna og láta framleiða vöruna, sem er hægt að fá í mörgum útgáfum.

Magneat kom á markaðinn í byrjun október og hefur rokselst, bæði í verslunum hér á landi og einnig til útlanda í gegnum vefverslun á heimasíðunni magneat.com. „Við höfum verið að fá ansi góða umfjöllun úti í heimi,“ segir Pétur, en á næstunni verður farið að selja Magneat í verslunum víðs vegar um heiminn. - þeb



**MARGAR TEGUNDIR MAGNEAT** Til eru margar útgáfur af Magneat, og sífellt er verið að hanna nýjar.




**TVEGGJA ÁRA VINNA SKILAR ÁRANGRI** Þeir Pétur Guðmundsson og Ísak Winther eiga heiðurinn að Magneat ásamt Daða Agnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Sannleikurinn
Gamanleikur í 7 hlutum með Pétri Jóhanni Sigfússyni
1
Miðasalan hefst kl. 10 á morgun!
Fyrstir koma, fyrstir fá.
Fyrstu sýningar:
6. febrúar
7. febrúar
8. febrúar
11. febrúar
12. febrúar
13. febrúar
20. febrúar
21. febrúar
Sýningar hefjast 6. febrúar nk. í Borgarleikhúsinu. Miðasala í síma 568 8000 eða á borgarleikhus.is
Framleitt af 3 Sagas & Helga Hermannssyni í samvinnu við Borgarleikhúsið.
3 SAGAS
Borgarleikhúsið




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | | |
| kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D -10:40 | | 7 |
| YES MAN | kl. 3:40 - 6 - 8:20 - 10:40 | VIP |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8:10 - 10:40 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN DIGITAL | | |
| kl. 2 - 4:10 - 6:20 - 8 - 8:30 - 10:20 -10:50 | | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 6 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| W | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| DAY THE EARTH STOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BOLT m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 10:20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORN | kl. 8 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOLT m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| YES MEN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 10 | 16 |

gleðileg bíójól

gleðileg bíójól




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| AUSTRALIA LÚXUS D | kl. 1 - 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ D | kl. 1 - 2.30 - 4 - 5.30 | L |
| INKHEART | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | 10 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL D | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| IGOR | kl. 1 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 ÓDÝRT Í BÍÓ! 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 3 - 6.30 - 10 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 | 12 |
| SAW 5 | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 2.30 - 4 | L |
| INKHEART | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ * | kl. 3.30 - 4.45 | L |
| INKHEART ** | kl. 6 - 8 | 10 |
| AUSTRALIA | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 | |
| * 27. - 28. 500 kr. | kl. 2 - 3.30 - 4.45 | |
| ** 27. - 28. | kl. 2 - 6 - 8 | |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ 26.DESEMBER - TIL OG MEÐ 30. DESEMBER




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BOLT 3D - Íslenskt tal | kl. 2(800 kr), 4 og 6 | L |
| INKHEART | kl. 2(500 kr), 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 2(700 kr) og 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 og 10 | 7 |

Tilboð í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!


# Iceland = Í djúpum skít

**Orðið „Iceland“ hefur verið áberandi á vefsíðum veraldarvefjarins undanfarna þrjá mánuði eða síðan íslensku bankarnir fóru á annan endann. Freyr Gígja Gunnarsson rannsakaði málið á leitarsíðunni google og komst að því að Ísland hefur náð að troða sér inn í málvitund erlendra blaðamannna.**



**SLÆMT FYRIR ÍSLAND** Poul Thomsen og félagar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafa verið áberandi í fréttum af „Iceland“ á google.com

„Kenningar um tilnefningar til Óskarsverðlauna verða yfirleitt jafnfljótt gjaldþrota og íslensku bankarnir.“ Þannig skrifar blaðamaður Reuters-fréttastofunnar um þær tilgátur sem spretta fram þegar nær dregur Óskarsverðlaununum í Bandaríkjunum. Orðið „Iceland“ er því orðið að hálfgerðu hugtaki í hugum erlendra blaðamanna. Skiptir engu um hvað er skrifað, ef einhver er í djúpum skít, á leið í ræsið eða þaðan af verra er hann huggaður með þeim orðum að hann sé ekki í jafn slæmum málum og „Iceland“. Og allir vita hvað það þýðir: Þjóðargjaldþrot. „Iceland“ hefur því náð þeim áfanga að troða sér inn í málvitund erlendra blaðamanna.

Tæplega tíu þúsund fréttir voru skrifaðar um „Iceland“ á netinu á undanförnum mánuði ef marka má leitarvélina Google. Flestar fréttirnar fjalla eðlilega um efnahagshrunið og aðstoðina frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Inn á milli má þó rekast á vandræðasögur af Kerry Katona, talskonu frystivörukeðjunnar Iceland, sem er í eigu Íslendinga. Hún mætti nefnilega blindfull í sjónvarpsþátt og vissi hvorki í þennan heim né annan. Hegðunin varð eflaust ekki til að bæta ímynd orðsins „Iceland“ á netinu; ekki eingöngu tengdist það gjaldþroti heldur líka fallinni raunveruleikastjörnu.

En það eru þó jákvæðar hliðar á öllu. Erlendir fjölmiðlar eru ákaflega áhugasamir um menningu og sögu þessarar þjóðar sem tókst að setja sig á hausinn með gjálífi og glamúr. Þannig hafa ferðamannavefsíður verið ötular í kynningastarfi sínu og hvetja ferðalanga óspart til að kíkja til Íslands. Athygli vakti þegar Fréttablaðið greindi frá því að nýjasta nýtt væri að láta berja á bragðlaukunum með úldnum hákarli sem hefði fengið stjörnukokkinn Gordon Ramsay til að æla. Fréttavefur Associated Press greindi síðan frá því að vinsælasta jólagjöfin á Íslandi væru notaðir Sound of Music-DVD-diskar og notuð hermannaföt. Í matinn yrði síðan hrossakjöt.

Viðskiptavefurinn business24-7.com sem hefur aðsetur í Sádi-Arabíu greindi síðan frá því að Ísland væri ákaflega öflugt í smákökugerð en vinsælast væri þó laufabrauðið. Vefurinn var að taka saman matarhefðir í stórlöndum á borð við Japan, Frakkland og Bandaríkin og ákvað að bæta við Íslandi, eflaust vegna þess að moldríkir olíuarabar hafa áhuga á jólahefðum þessarar gjaldþrota þjóðar í norðri.



**GOTT FYRIR ÍSLAND** Áhuginn á Íslandi og íslenskri menningu hefur sennilega aldrei verið jafn mikill og erlendir fréttavefir eru uppfullir af fréttum um þessa sérstöku þjóð.



**Í MÁLFARIÐ** Blaðamaður Reuters greip til nokkuð algengrar samlíkingar þegar hann sagði kenningar um Óskarinn yfirleitt jafn gjaldþrota og íslensku bankarnir.

# Hundur á ferðalagi

Teiknimyndin Bolt segir frá samnefndum hundi sem hefur allt sitt líf leikið ofurhund í sjónvarpsþætti og lifir í þeirri blekkingu að heimur þáttanna sé fúlasta alvara. Þegar hann sleppur og kemst fyrir slysni til New York tekur þá við ferðalag hans þvert yfir Bandaríkin til síns heima. Á leiðinni kynnist hann svo ýmsum öðrum dýrum sem og því að ofurkraftar hans virka í fyrsta sinn ekki sem skyldi.

Bolt er nýjasta útspil teiknimyndadeildar Disney og jafnframt fyrsta myndin frá þeim sem er í umsjá Pixar-snillingsins Johns Lasseter. Innanhússteiknimyndir Disney hafa ekki gert góða hluti að undanförnu og því er það ánægjuefni að með Bolt hefur Lasseter tekist að rífa þær upp svo um munar. Afraksturinn er besta Disney-teiknimyndin í áraraðir, líklegast síðan Lilo & Stitch kom út árið 2002.

Áhrif Lasseters leyna sér ekki og áherslur eru farnar að svipa til verka Pixar; góð saga kemur framar öllu. Bolt er þannig afar skemmtileg og ljúf mynd, uppfull af góðri spennu, gríni og kostulegum karakterum. Íslenska talsetningin er flott, en um þá ensku sjá John Travolta, unglingsstjarnan Miley Cyrus og fleiri. Þrívíddin sem myndin er sýnd í eykur þar að auki mjög á upplifunina; hún virðist komin til að vera, en allflestar tölvuteiknimyndir risastúdíóanna verða héðan af í þrívídd.

Disney-menn eiga hins vegar enn nokkuð í land vilji þeir slá Pixar við, en með Bolt eru þeir komnir á rétta braut. Myndin er í hópi bestu teiknimynda ársins 2008, á eftir Kung Fu Panda, sem hefur mesta skemmtanagildið, og Wall-E sem trónir á toppnum.



**KVIKMYNDIR**

**Bolt**

Leikstjórn: Byron Howard og Chris Williams. Aðalhlutverk: John Travolta, Miley Cyrus.

★★★★

Hugljúf mynd, uppfull af spennu, gríni og kostulegum persónum.

**Loftur Ingi Bjarnason – Topp5.is**


ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
Alvöru áramóta nautasteikur
meirt , ljúffengt og sérvalið gæða nautakjöt til að gera hátíðina ógleymanlega...
ÍSLANDSNAUT
ÍSLANDSNAUT
ÍSLANDSNAUT
ÍSLANDSNAUT
leiðbeiningar um eldun og meðferð nautakjöts á flettimiða framan á umbúðum
100% NAUTAKJÖT
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Fæst í:
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Valur og FH mætast í bikarnum

Í gær var dregið í Eimskipsbikar karla og kvenna í handbolta. Hjá körlunum mætast í undanúrslitum bikarmeistarar Vals og hið unga og efnilega lið FH og því ljóst að 1. deildarlið verður í úrslitaleiknum þar sem í hinum undanúrslitaleiknum mætast 1. deildarliðin Selfoss og Grótta. Karlaleikirnir fara fram 7. og 8. febrúar. Hjá konunum mætast í átta liða úrslitum bikarmeistarar Stjörnunnar og Valur, FH og Fram, Fylkir og Haukar og Grótta heimsækir 1. deildarlið Þórs/KA. Kvennaleikirnir fara fram 20. og 21. janúar.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTINN BJÖRGÚLFSSON:** VARÐ NORSKUR BIKARMEISTARI UM HELGINA MEÐ FÉLAGI SÍNU RUNAR

# *Loksins, loksins vann ég bikarmeistaratitil*



Kristinn Björgúlfsson og félagar í Runar frá Sandefjord urðu norskir bikarmeistarar á Laugardag eftir 27-24 sigur gegn Elverum í úrslitaleiknum en staðan í hálfleik var 16-12 Runar í vil. Leikurinn fór fram í Ósló Spektrum höllinni fyrir framan fimm þúsund áhorfendur og mikil stemning á pöllunum. Kristinn skoraði fjögur mörk fyrir Runar og var að vonum ánægður með sigurinn.

„Ég fann það á mér nánast frá fyrstu mínútu að við myndum vinna leikinn. Það gekk einhvern veginn allt upp hjá okkur, hvort sem það var varnarlega eða sóknarlega og það er náttúrulega ekki hægt að tapa þegar markvörðurinn hjá liðinu manns ver 34 skot. Ég fann mig líka mjög vel og spilaði eins og engill,“ segir Kristinn af einskærri hógværð.

Kristinn hafði annars hingað til ekki haft sérstaklega góða reynslu af bikarúrslitaleikjum.

„Loksins, loksins vann ég bikarmeistaratitil. Ég hafði spilað tvo bikarúrslitaleiki heima á Íslandi og tapað báðum og hafði þess utan tapað þremur sinnum í undanúrslitum,“ segir Kristinn.

Kristinn, sem er jafnan kallaður „Ísbjörninn“ í Sandefjord, viðurkennir að biðin hafi verið löng eftir leiknum og síður eftir því að komast svo loksins heim til Íslands í síðbúið jólafrí.

„Það var búin að vera löng biðin eftir þessum leik og það má segja að jólin hafi bara farið í þetta. Ég skrapp annars til Gautaborgar að hitta Hreiðar [Levý Guðmundsson, landsliðsmarkvörð] og við náðum smá stemningu á jólunum með íslenskum mat og svona en annars var bara æft af krafti fyrir leikinn. Nú er maður loksins kominn í langþráð jólafrí í gettóið í Breiðholti,“ segir Kristinn og hlær við.

Kristinn hvílir sig þó ekki lengi frá handboltanum þar sem hann rífur fram skóna um leið og kemur til Íslands og tekur þátt í árlegum leik með gömlum ÍR-hetjum gegn núverandi liði ÍR. Leikurinn hefst kl. 18.30 í kvöld og fer fram í Austurbergi og óhætt að lofa handboltaáhugamönnum góðri skemmtun.

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Newcastle-Liverpool | 1-5 |
| 0-1 Steven Gerrard (31.), 0-2 Sami Hyypia (36.), 1-2 David Edgar (45.), 1-3 Ryan Babel (50.), 1-4 Steven Gerrard (66.), 1-5 Xabi Alonso (77.). | |
| Arsenal-Portsmouth | 1-0 |
| 1-0 William Gallas (81.). | |
| Bolton-Wigan | 0-1 |
| 0-1 Amr Zaki (44.). | |
| Everton-Sunderland | 3-0 |
| 1-0 Mikel Arteta (10.), 2-0 M. Arteta (27.), 3-0 Dan Gosling (83.). | |
| Fulham-Chelsea | 2-2 |
| 1-0 Clint Dempsey (10.), 1-1 Frank Lampard (50.), 1-2 F. Lampard (72.), 2-2 C. Dempsey (89.). | |
| WBA-Tottenham | 2-0 |
| 1-0 Roman Bednar (83.), 2-0 Craig Beattie (90.). | |
| West Ham-Stoke | 2-1 |
| 0-1 Abdoulaye Faye (4.), 1-1 Carlton Cole (51.), 2-1 Diego Tristan (88.). | |
| Blackburn-Man. City | 2-2 |
| 1-0 Benni McCarthy(45.), 0-2 Jason Roberts(84.), 1-2 Daniel Sturridge (88.), 2-2 Robinho (90.+2.). | |

### *Coca-Cola Championship*

| | |
|---|---|
| Coventry-Sheff. Wed. | 2-0 |
| Aron Gunnarsson lék allan leikinn með Coventry. | |
| Doncaster-Burnley | 2-1 |
| Jóhannes Karl lék síðustu 20 mín. fyrir Burnley. | |
| QPR-Watford | 0-0 |
| Heiðar Helguson lék allan leikinn með QPR. | |
| Southampton-Reading | 1-1 |
| Ívar Ingimarsson lék allan leikinn en Brynjari Birni var skipt af velli á 71. mín. | |

### *Hollenska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| FC Groningen-Heerenveen | 2-3 |
| Arnór Smárason skoraði 1 mark f. Heerenveen. | |




Til leigu
iðnaðarhúsnæði
Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.
Upplýsingar í síma 480-0000


# Liverpool á toppnum á nýju ári

**Liverpool heldur toppsætinu eftir sannfærandi sigur á Newcastle í síðustu umferð ensku úrvalsdeildarinnar á árinu 2008 á meðan Chelsea tapaði stigum gegn Fulham. Gallas var hetja Arsenal gegn Portsmouth.**

**FÓTBOLTI** Liverpool og Arsenal unnu góða sigra í gær á meðan Chelsea náði aðeins jafntefli gegn Fulham. Liverpool mun því sitja í toppsætinu þegar nýtt ár gengur í garð.

Knattspyrnustjórinn Rafa Benítez hjá Liverpool kom nokkuð á óvart þegar hann skildi Robbie Keane eftir á varamannabekknum gegn Newcastle en framherjinn skoraði tvö mörk gegn Bolton á annan í jólum. Þá var enginn Fernando Torres í leikmannahópi Liverpool en það kom ekki að sök þar sem gestirnir réðu lögum og lofum gegn meiðslum hrjáðu liði Newcastle á St James‘ Park-leikvanginum.

Steven Gerrard opnaði markareikninginn eftir um hálftíma leik en fram að því var leikurinn nánast allur búinn að fara fram í vítateig Newcastle. Sami Hyypia skoraði annað markið stuttu síðar áður en David Edgar minnkaði muninn fyrir Newcastle í lok fyrri hálfleiks.

Ryan Babel skoraði þriðja mark Liverpool snemma í síðari hálfleik og þá var ekki aftur snúið og Gerrard og Xabi Alonso bættu í sarpinn áður en yfir lauk og niðurstaðan því 1-5 sigur Liverpool.

„Við erum að bæta okkur með hverjum leiknum og það er jákvætt en Liverpool hefur ekki enn sýnt sitt besta. Maður vinnur ekkert í desember en hins vegar er hægt að tapa miklu og við erum bara ánægðir með að fara inn í nýtt ár og vera á toppnum,“ segir Sammy Lee, aðstoðarþjálfari Liverpool, í leikslok í gær.



**SÝNING** Leikmenn Liverpool sýndu allar sínar bestu hliðar gegn varnarlausu liði Newcastle á St James‘ Park-leikvanginum í gær og niðurstaðan var 1-5 stórsigur gestanna. NORDIC PHOTOS/GETTY



**BJARGVÆTTUR** William Gallas skoraði eina mark leiksins þegar Portsmouth heimsótti Arsenal í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Töpuð stig hjá Chelsea

Það leit allt út fyrir að Chelsea færi með sigur af hólmi gegn Fulham á Craven Cottage-leikvanginum í gær en Clint Dempsey jafnaði metin, 2-2, með skallamarki í blálokin. Dempsey skoraði einnig fyrsta mark leiksins áður en Frank Lampard skoraði tvö mörk fyrir Chelsea. Chelsea tapaði þar með mikilvægum stigum í toppbaráttunni en Fulham heldur áfram á fínni siglingu og hefur ekki tapað leik í deildinni síðan 1. nóvember.

„Við fengum sjö til átta góð marktækifæri en náðum aðeins að skora tvö mörk á meðan þeir fengu aðeins tvö marktækifæri úr aukaspyrnum og skoraði tvö mörk. Við borguðum dýru verði fyrir tvö mistök sem við gerðum en við erum samt sem áður í góðri stöðu í deildinni,“ segir Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri Chelsea.

### Gallas til bjargar

Varnarmaðurinn William Gallas sá til þess að endurkoma Tonys Adams, fyrrum fyrirliða Arsenal og núverandi knattspyrnustjóra Portsmouth, var ekki gleðileg með því að skora sigurmarkið á Emirates-leikvanginum í gær. Peter Crouch komst næst því að skora fyrir Portsmouth þegar skalli hans hafnaði í stönginni. Hermann Hreiðarsson sat allan leikinn á varamannabekk Portsmouth og allt bendir nú til þess að landsliðsfyrirliðinn muni yfirgefa herbúðir Portsmouth þegar félagsskiptaglugginn opnast í janúar en Hermann var nú síðast orðaður við Íslendingafélagið Reading.

### Óbreytt á botninum

WBA náði tímabundið að lyfta sér upp úr botnsætinu á kostnað Blackburn í gær eftir 2-0 sigur gegn Tottenham en Stóri-Sam og lærisveinar hans í Blackburn endurheimtu svo 19. sætið með 2-2 jafntefli gegn Man. City í lokaleik dagsins í gær. Stoke er áfram í 18. sætinu eftir 1-2 tap gegn West Ham.

omar@frettabladid.is


Boltinn er hjá okkur!

Chelsea Stoke
16. – 18. janúar
Verð á mann í tvíbýli:
79.900 kr.
Innifalið: : Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði.

Arsenal Fulham
Hópferð ARSENAL klúbbsins
27. feb. – 1. mars
Verð á mann í tvíbýli:
75.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði. Íslensk fararstjórn og rútuferðir.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Fiton/SÍA


Ricardo Fuller fékk að líta rauða spjaldið fyrir að slá liðsfélagann Andy Griffin:

# Rautt fyrir að slá liðsfélaga

**FÓTBOLTI** Rautt spjald Ricardso Fuller vakti mikla athygli í 2-1 tapi Stoke gegn West Ham á Upton Park í gær. Rauða spjaldið fékk Fuller fyrir að slá Andy Griffin, liðsfélaga sinn hjá Stoke.

Atvikið átti sér stað eftir að Carlton Cole hafði náð að jafna metin fyrir West Ham, 1-1, eftir að hafa snúið á Griffin í upphafi síðari hálfleiks. Fuller og Griffin byrjuðu þá að munnhöggvast en það endaði svo með því að Fuller sló Griffin í andlitið. Dómarinn Mike Jones sá atvikið og gaf Fuller umsvifalaust rauða spjaldið.

„Leikmenn mínir láta sér það varða þegar illa gengur en Fuller gekk yfir strikið í gær og við munum taka á því,“ segir Tony Pulis, knattspyrnustjóri Stoke.

Atvikið minnti um margt á það þegar Lee Bowyer og Kieron Dyer, þáverandi liðsfélagar í Newcastle, slógust í leik gegn Aston Villa í apríl árið 2005 en þá fengu báðir leikmennirnir að líta rautt spjald. Bowyer fór svo í fjögurra leikja bann og Dyer í þriggja leikja bann en aðeins Bowyer var sektaður af Newcastle þar sem hann var sagður hafa átt upptökin. - óþ



**STURLAÐUR** Ricardo Fuller missti stjórn á skapi sínu í gær og sló til Andys Griffin, liðsfélaga síns hjá Stoke. NORDIC PHOTOS/AFP

# SPRENGJA

LYKLABORÐ FRÁ 990

PRENTARAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI

VALDIR PC LEIKIR Á AÐEINS 990 KR

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF VEFMYNDAVÉLUM

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF SKJÁKORTUM

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM

**OPNUNARTÍMAR Á SPRENGJUNNI**

29.DES FRÁ 09:00 TIL 19:00

30.DES FRÁ 09:00 TIL 19:00

31.DES FRÁ 09:00 TIL 12:00

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR AF HEYRNARTÓLUM

# ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

NÚ ER SPRENGJAN Í TÖLVULISTANUM • ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR • FRÁBÆR TILBOÐ • ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!



**TOSHIBA SATELLITE PRO A300D-152**

AMD Dual Core X2 ZM-80 örgjörvi • 3GB minni 250GB harður diskur • ATI Radeon HD3100 skjákort • 15.4" skjár • Skrifari • Bluetooth Windows Vista Business / XP Pro

**99.990**



4GB

**4GB SANDISK CRUZER**

Glæsilegur 4GB Sandisk Cruzer Micro Skin USB 2.0 minnislykill sem auðveldar þér að taka öll gögnin þín með þér á frábæru sprengjuverði, þú mátt ekki missa af þessu!

**1.990**

FULLT VERÐ: ~~3.990~~



**MSI GEFORCE N9600GT**

512MB GDDR3 MSI GeForce N9600GT-T2D512 skjákort, DirectX 10

**17.990**

FULLT VERÐ: ~~27.990~~

# TÖLVULISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Vörum á sprengju er ekki hægt að skila

## ÚRSLIT

### N1-deildarbikar karla

Fram-Haukar 35-29 (18-9)

**Mörk Fram (skot):** Guðjón Finnur Drengsson 7 (10), Rúnar Kárason 7 (17), Jóhann Gunnar Einarsson 5 (6), Halldór Jóhann Sigfússon 5/2 (9/2), Haraldur Þorvarðarson 4 (5), Andri Berg Haraldsson 3 (7), Brjánn Guðni Bjarnason 2 (2), Guðmundur Hermannsson 1 (1), Björn Guðmundsson (2).

**Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 23/2 (48/4 47,9%), Davíð Svansson (4/2 0%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Guðjón 4, Brjánn, Haraldur)
**Fiskuð víti:** 2 (Rúnar, Halldór)
**Utan vallar:** 14 mínútur

**Mörk Hauka (skot):** Freyr Brynjarsson 4 (5), Andri Stefan Guðrúnarson (5), Elías Már Halldórsson 1 (2), Sigurbergur Sveinsson 2 (7/1), Arnar Jón Agnarsson 1 (6), Gísli Jón Þórisson 6 (9), Gunnar Berg Viktorsson 1 (2), Einar Örn Jónsson 6/4 (8/5), Kári Kristján Kristjánsson 8 (12).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 12 (36 33,3%),Gísli Guðmundsson 9 (20/2 45%)

**Hraðaupphlaup:** 10 (Freyr 3, Gísli 3, Kári 2, Sigurbergur, Elías)
**Fiskuð víti:** 6 (Kári 2, Pétur, Stefán, Sigurbergur, Gunnar)
**Utan vallar:** 2 mínútur

### N1-deildarbikar kvenna

Haukar-Stjarnan 27-28 (14-14)

**Mörk Hauka (skot):** Ramune Pekarskyte 9/2 (18/2), Hanna G. Stefánsdóttir 7/3 (9/5), Nína K. Arnfinnsdóttir 4 (8), Nína Arnfinnsdóttir 2 (4), Erna Þráinsdóttir 2 (6), Hekla Hannesdóttir 1 (1), Herdís Hallsdóttir 1 (1), Ester Óskarsdóttir 1 (2).

**Varin skot:** Heiða Ingólfsdóttir 18 (35/6, 51%), Bryndís Jónsdóttir 6/1 (17/2, 35%).

**Hraðaupphlaup:** 8 (Hanna 2, Erna 2, Ramune 2, Nína, Hekla).
**Fiskuð víti:** 7 (Ester 3, Nína 2, Nína Kristín, Hanna).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Alina Petrache 12/6 (23/7), Þorgerður Anna Atladóttir 4 (9), Elísabet Gunnarsdóttir 3/1 (3/1), Kristín Clausen 3 (6), Indíana Jóhannsdóttir 2 (2), Sólveig Lára Kjærnested 2 (6), Þórhildur Gunnarsdóttir 1 (2), Hildur Harðardóttir 1 (3).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 17/1 (44/7, 39%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Indíana 2, Kristín 2, Sólveig Lára, Elísabet).
**Fiskuð víti:** 8 (Elísabet 4, Indíana 2, Sólveig Lára, Þórhildur).
**Utan vallar:** 8 mínútur.

### Þýski handboltinn

Wetzlar-Hamburg 28-29 (17-16)

# Fram vann annað árið í röð

**Framarar afgreiddu slaka Haukamenn með frábærum fyrri hálfleik í úrslitaleik N1-deildarbikars karla í gær og unnu að lokum verðskuldaðan sigur, 35-29.**

**HANDBOLTI** Fram vann ótrúlega auðveldan sigur á Haukum í úrslitum N1-deildarbikars karla, 35-29, í Laugardalshöll í gær.

Framarar mættu gríðarlega ákveðnir til leiks á sama tíma og Haukar voru á hálfum hraða.

„Þetta var ótrúlega auðvelt í dag. Við vorum á 100 prósent keyrslu, einbeittir og með góða færslu í vörninni. Það skilaði sér, við fengum mörg hraðaupphlaup í fyrri hálfleik og Magnús átti leik lífsins í rammanum,“ sagði stórskyttan Rúnar Kárason en Magnús Gunnar Erlendsson var frábær í markinu og varði 65 prósent skota Hauka í fyrri hálfleik.

„Það gerði þeim erfitt fyrir og okkur auðvelt. Það fer lítið púður í þetta þegar maður þarf ekki að spila sókn og fær mörg hraðaupphlaup. Þessi stórkostlega vinnsla á okkur í fyrri hálfleik var lykillinn að sigrinum í dag.“

Fram var níu mörkum yfir í hálfleik, 18-9, en hvorki varnar- né sóknarleikur Hauka var upp á marga fiska. Munurinn hefði hæglega getað verið enn stærri.

„Það er erfitt að halda svona stóru forskoti en við byrjuðum seinni hálfleikinn vel og héldum þeim 10 mörkum frá okkur í einhverjar tíu til fimmtán mínútur. Svo minnkuðu þeir aðeins muninn en ekkert alvarlega og síðustu tíu mínúturnar voru nánast bara formsatriði,“ sagði Rúnar en Fram hefur landað deildarbikarnum í bæði skiptin sem keppt hefur verið með þessu fyrirkomulagi á milli jóla og nýárs.

„Við erum að detta í áskrift að deildarbikarnum. Þetta er ágætt, einhver peningur í kassann og það væri hundleiðinlegt að koma hingað á milli jóla og nýárs með jólasteikina í maganum og tapa. Þetta er fínn bónus. Það er fínt að fara inn í púlið hjá Viggó í janúar með bikar í farteskinu. Þá verður hann vonandi eitthvað rólegri, kallinn,“ sagði glaðbeittur Rúnar í leikslok.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var langt frá því að vera eins glaðbeittur eftir að hafa messað yfir sínum mönnum að leik loknum.

„Við vorum hrikalega lélegir. Það vantaði alla ákveðni í varnarleikinn og áræðni í sóknarleikinn. Varnarlega vorum við allt of flatir, allt annað en við ætluðum að gera. Sóknarlega reynum við mikið að gera þetta upp eigin spýtur,“ sagði Aron

„Við afgreiðum sóknirnar of hratt sem gerir það að verkum að við setjum okkur í mikil vandræði. Það var engin þolinmæði, hvorki í leikkerfum né frjálsu spili. Við skjótum okkur út úr leiknum á örskömmum tíma. Við lendum allt of langt undir og sýnum ekki nægan karakter í fyrri hálfleik að ná að bremsa það af.

Við skoruðum mikið af mörkum í seinni hálfleik og það var allt annar kraftur í sóknarleiknum en í fyrri hálfleik en það ljóst að við þurfum að bæta okkar leik ef við ætlum ofar í deildinni. Við þurfum að bæta okkar leik og bæta okkar andlega ástand.

„Það er óþolandi að lenda aftur í öðru sæti. Það er mjög súrt að tapa úrslitaleik annað árið í röð,“ sagði Aron að lokum við Fréttablaðið. **- gmi**



**STEMNING** Framarar höfðu ærna ástæðu til þess að fagna vel og innilega í leikslok í gær eftir að hafa unnið Hauka örugglega í úrslitaleik N1-deildarbikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á FLUGI** Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson átti fínan leik í gær og skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SIGUR Í HÖFN** Framararnir Haraldur og Brjánn fagna í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Haraldur Þorvarðarson:

## Æsingurinn kom ekki að sök

**HANDBOLTI** Framarar fengu þrjár brottvísanir þegar níu mínútur voru til leiksloka og gáfu Haukum tækifæri á að komast inn í leikinn.

„Við Viggó æstum okkur um of og fengum tvær mínútur réttmætt held ég. Það skiptir ekki máli, við unnum þennan kafla, 2-1, þrír inni á vellinum,“ sagði Haraldur Þorvarðarson sem fékk tvær mínútur fyrir kjaftbrúk.

„Við vorum með þennan leik allan tíman. Við erum með besta liðið á landinu í dag og sýndum það í þessu móti fjögurra sterkustu liðanna.“ **- gmi**



**ÓLÍKIR SJÁLFUM SÉR** Haukar voru langt frá sínu besta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Andri Stefan Guðrúnarson:

## Hefði verið gegn gangi leiksins

**HANDBOLTI** „Það hefði verið gegn gangi leiksins ef við hefðum nýtt þetta. Við vorum ekki klárir frá byrjun leiks og þá vorum við ekki að fara að snúa þessu þó þeir gefi okkur tækifæri vegna eigin klaufaskaps,“ sagði Andri Stefan Guðrúnarson um tveggja mínútna kaflann sem liðið var þremur fleiri og náði ekki að minnka muninn.

„Þeir fengu á sig einhverja ósanngjarna dóma og það var bara réttlætt þegar þeir skora þessi tvö mörk.“ **-gmi**






Stjarnan vann Hauka í hörkuspennandi úrslitaleik í N1-deildarbikar kvenna:

# Stjarnan neitaði að gefast upp

**HANDBOLTI** Stjarnan vann Hauka, 27-28, í fjórgum úrslitaleik N1-deildarbikars kvenna í Laugardalshöll í gær. Stórskyttan Alina Petrache reyndist Stjörnustúlkum drjúg en hún var markahæsti leikmaður vallarins með 12 mörk.

„Mér finnst gaman að spila þessa úrslitaleiki og legg mikið á mig til þess að standa mig vel í þeim,“ segir Alina glöð í leikslok.

Haukastúlkur byrjuðu leikinn betur í gær og komust fljótt í 3-0 en Stjörnustúlkur komu til baka og liðin skiptust á að taka forystu í fyrri hálfleik. Stjörnustúlkur skoruðu síðustu tvö mörk fyrri hálfleiks og jöfnuðu metin 14-14 og fór Alina fyrir sóknarleiknum hjá þeim og skoraði sjö mörk í fyrri hálfleik.

Haukastúlkur sýndu sitt rétta andlit þegar skammt var liðið á síðari hálfleik með öflugri vörn og hraðaupphlaupum og þegar um stundarfjórðungur lifði leiks voru þær komnar í ákjósanlega stöðu, 22-18.

Stjörnustúlkur neituðu hins vegar að gefast upp og í stöðunni 25-22 náðu þær að skora þrjú mörk í röð og jafna leikinn, 25-25, þegar fimm mínútur voru eftir.

Lokamínúturnar voru æsispennandi og þá reyndust Stjörnustúlkur sterkari en Alina skoraði síðasta markið, 27-28, á síðustu mínútu leiksins. Haukastúlkur fengu dæmt vítakast í blálokin en Hönnu Guðrúnu Stefánsdóttur brást bogalistin í það skiptið og sigur Stjörnunnar því staðreynd.

„Ég skora næst. Þetta var annars jafn leikur og sigurinn hefði getað dottið hvorum megin sem var. Við vorum annars sjálfum okkur verstar og slökuðum alltof mikið á og urðum værukærar á lokakaflanum þegar við vorum komnar með fjögurra marka forystu. Það má náttúrlega ekki,“ segir Hanna Guðrún svekkt.

Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, var stoltur af sigri síns liðs í leikslok og hrósaði leikmönnum sínum fyrir þrautseigju.

„Þetta var frábært að snúa töpuðum leik í unninn leik á lokakaflanum þegar mér fannst mínir leikmenn vera orðnir ansi þreyttir. En það sýnir bara karakterinn í þessum stelpum að gefast aldrei upp og það er mikil seigla í þeim. Við erum búnar að vera í sex vikna pásu í deildinni og ég er því mjög sáttur við spilamennskuna hjá liðinu miðað við það og vonandi náum við að halda áfram á sömu braut,“ segir Atli. **- óþ**



**GAMAN** Stjörnustúlkur fagna hér eftir að hafa lagt Haukastúlkur að velli í úrslitaleik N1-deildarbikarsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# ÁRAMÓTA SPRENGJA BENNA

**Tilboð gildir út árið!**

## Nú sprengjum við árið hressilega í burtu!

**FÁRBÆR LÁNAKJÖR - 9,7% fastir vextir og engin verðtrygging!**

**Ýmis önnur lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða - Allt að 100% fjármögnun**
**Dæmi um bíla á tilboði - Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn**




SUZUKI GRNAD VITARA 2,0 Limited 09/2004, ek. 66 s., 5 dyra, ssk. leður, o.fl. Verð 2.000 þús.
**SPRENGJUVERÐ 1.290 þús.** stgr.




TOYOTA LAND CRUISER 100 VX dísel 1/2002, 7 manna ek. 146 þús. 5 dyra, ssk. Verð 4.600 þús. .
**SPRENGJUVERÐ 3.190 þús.** stgr.




Ford Focus 1,6 Trend Wagon 7/2004, ek. 79 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. dráttarbeisli, cd og fl. Verð 1.600 þús.
**SPRENGJUVERÐ 960 þús.** stgr.




HYUNDAI GETZ GLS 11/2004, ek. 71 þús. 5 dyra, ssk. abs, drát-tarbeisli. Verð 1.200 þús.
**SPRENGJUVERÐ 690 þús.** stgr.

**Áramótabomburnar frá Hjálparsveit Skáta Reykjavík, TRAUSTI of FLÓABARDAGI fylgir öllum seldum bílum!**




**Sölustaðir**
**Hjálparsveit Skáta í Reykjavík**
Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6
Spöngin, Grafarvogi
Gufunesbær
Grafarholt v/Húsasmiðjuna
Mjóddin, Breiðholti
Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
Opið frá 28-30 des frá kl 10 til 22.
Gamlársdag frá kl. 10 til 16.

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

**Bílabúð Benna** *Notaðir bílar*

**Bíldshöfða 10 - 590 2000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is**
Reykjanesbær: Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, - Sími 420 3300
Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16. Athugið opið gamlársdag 10 -12.

**Bílabúð Benna, traustur styrktaraðili Hjálparsveit skáta í Reykjavík.**

> **John Lithgow**

„Við leikarar erum ekkert annað en svikahrappar. Við reynum að selja fólki hugmyndir um að eitthvað sé raunverulegt sem er það ekki.“ Lithgow leikur í þættinum 20 Good Years sem sýndur er á Stöð 2 extra í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VELTIR FYRIR SÉR GLÆP OG REFSINGU

# Aðgát skal höfð í nærveru sálar



Ef það er eitthvað sem Íslendingar eru virkilega góðir í þá er það jólahald. Svo djúpt rista hefðirnar í hugum okkar að það hvarflar ekki að okkur að hnika til nokkrum hlut. Í nokkra daga í röð förum við úttroðin í rúmið af reyktu og sprautusöltuðu kjöti. Yngra fólkið vaknar bólgið með liðverki en þau af eldri kynslóðinni sem lifa sukkið af þurfa stærri skammta af hjartalyfjum til að lifa fram að áramótum. Þá verður söltuð svínasíða í matinn, eins og undanfarin ár. Það verður að ná heilsu fyrir það hnossgæti.

En hefðirnar eru svo miklu meira en bara maturinn. Við komum saman daginn fyrir aðfangadag, borðum skötu og spjöllum um jólahefðirnar. Aðallega er þá talað um hvað eigi að borða daginn eftir, því okkur finnst alltaf jafn forvitnilegt hvaða kræsingar verða á borðum hjá öllum hinum. Til að þjóðin nái að stilla saman strengi sína í einni risavaxinni jólamessu þá er rætt við fína og fræga fólkið og spurt um jólahefðir. Það er hringt vestur og spurt hvort skatan þetta árið hafi verið gómlosandi eður ei og RÚV gerir mann út af örkinni til að ræða við glæpamennina okkar um jólahaldið hjá þeim.

Helgi Seljan fékk þetta verkefni í ár. Í bráðskemmtilegri samantekt komst ég að því að á Litla-Hrauni sérpanta fangarnir mat. Ekki þarf að koma nokkrum manni á óvart að þeir panta reykt svínakjöt, hangikjöt auðvitað og blandað sjávarfang og ónefndur fangi hefur getið sér gott orð fyrir súkkulaðibitakökurnar sínar. Andrúmsloftið í fangelsinu er sérstakt yfir hátíðarnar, og eins og gefur að skilja er það blendið. Margir fangar eiga um sárt að binda. En svo er reyndar um fleiri.

Hvað um konurnar sem hefur verið nauðgað? Hvað um svívirtu börnin og þeirra fólk? Hvað um foreldra þeirra myrtu? Ætli þessi hópur hafi átt gleðileg jól?

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** Man. Utd - Middlesbrough STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.00** Saturday Night Divas SKJÁREINN



▶ **20.15** Everest – Læknar í lífsháska SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** E.R. STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.45** Journeyman STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld milli jóla og nýárs** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (Hanna Montana) (15:26)
**17.53 Sammi** (7:52)
**18.00 Kóalabræðurnir** (The Koala Brothers) (71:78)
**18.12 Herramenn The** (Mr. Men Show) (34:52)
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Everest - Læknar í lífsháska Everest** (Doctors In The Death Zone) (2:2) Bresk heimildarmynd um leiðangur breskra lækna á tind Everest, hæsta fjalls í heimi.
**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (12:24)
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ævintýri - Nýju fötin keisaraynjunnar** (Fairy Tales. The Empress's New Clothes) (3:4) Ævintýrið um nýju fötin keisarans er hér fært í nútímabúning og nú er það keisarayjan sem lætur vefa sér skartklæðin ósýnilegu.
**23.20 Mótorhjóladagbækurnar** (Diarios de motocicleta) Mynd byggð á dagbókum byltingarforingjans Che Guevara frá vélhjólaferðalagi sem hann fór í ásamt besta vini sínum, Alberto Granado, um Suður-Ameríku upp úr 1950.
**01.25 Kastljós** (e)
**02.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Eight Below**
**10.00 Shark Tale**
**12.00 Knights of the South Bronx**
**14.00 Eight Below**
**16.00 Shark Tale**
**18.00 Knights of the South Bronx**
**20.00 Smile**
**22.00 Hot Fuzz**
**00.00 Missing**
**02.00 Psycho**
**04.00 Hot Fuzz**
**06.00 Jumpin' Jack Flash**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stóra teiknimyndastundin, Gulla og grænjaxlarnir, Ruff's Patch, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (220:300)
**10.15 Beauty and The Geek** (1:13)
**11.15 The Celebrity Apprentice** (2:13)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Working Girl**
**15.00 The New Adventures of Old Christine** (16:22)
**15.20 ET Weekend**
**16.05 Galdrastelpurnar**
**16.30 Leðurblökumaðurinn**
**16.50 Justice League Unlimited**
**17.15 Tracey McBean**
**17.28 Lalli**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
**20.20 Extreme Makeover: Home Edition** (14:25)
▶**21.45 Journeyman** (12:13) Nýir og dularfullir þættir um Dan Vassar sem er hamingjusamur fjölskyldufaðir og lífið virðist leika við hann. Líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.
**22.30 The Unit** (21:23) Þættir um störf leynilegrar úrvalssveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma. Með aðalhlutverk í þáttunum fara Dennis Haysbert og Robert Patrick.
**23.15 Working Girl**
**01.05 Path of Destruction**
**02.35 Numbers**
**03.15 Extreme Makeover: Home Edition** (14:25)
**04.40 Friends**
**05.05 The Simpsons**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.10 NBA körfuboltinn** Útsending frá leik New York og Denver.
**19.10 NFL deildin** Útsending frá leik NY Jets og Miami.
**21.10 Wendy's Three Tour Challenge**
**22.30 Þýski handboltinn** Hver umferð er gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**23.05 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**23.50 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Man. City.
**16.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Liverpool.
**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.45 PL Classic Matches** Man United - Middlesbrough, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.15 PL Classic Matches** Middlesbrough - Man Utd, 99/00.
▶**19.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Premier League Review 2008/09**
**23.00 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.30 Vörutorg**
**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti. (e)
**18.15 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**19.00 America's Funniest Home Videos** (30:42) (e)
**19.30 America's Funniest Home Videos** (31:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
▶**20.00 Saturday Night Divas** Nokkrar af stærstu söngdívum veraldar taka hér höndum saman á frábærum tónleikum. Meðal þeirra sem koma fram eru Celine Dion, Jennifer Lopez, Alicia Keys, Chaka Khan, Girls Aloud, Jamelia, Natasha Bedingfield og Leona Lewis. (e)
**21.00 Heroes** (6:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum (e)
**21.50 CSI: New York** (19:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.10 Jay Leno**
**23.30 Dexter** (7:12) (e)
**00.20 The Good Girl** (e)
**02.00 Vörutorg**
**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 24.00.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Extreme Makeover: Home Edition



Fjórða þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### CSI: New York

### Skjáreinn kl. 21.50



Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Í þættinum í kvöld snýr morðóður leigubílstjóri aftur og íbúar borgarinnar eru óttaslegnir. Þá þarf rannsóknardeildin einnig að finna morðingja sem drap mann eftir að hann hafði unnið sér inn eina milljón dollara með því að hitta í körfuboltaskoti frá miðju vallar.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Vaknaðu, næturgali
**15.03** Smásaga: Jólasaga
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Helgihald í náttúrunni
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Himintungl
**23.05** Afbrýði, ástir og útburðarvæl
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (90:260)
**16.30 Hollyoaks** (91:260)
**17.00 Seinfeld** (13:24)
**17.25 E.R.** (17:25)
**18.10 My Boys** (13:22)
**18.30 20 Good Years** (2:13)
**19.00 Hollyoaks** (90:260)
**19.30 Hollyoaks** (91:260)
**20.00 Seinfeld** (13:24)

▶**20.25 E.R.** (17:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.10 My Boys** (13:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

**21.30 20 Good Years** (2:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta. Með aðalhlutverk fara John Lithgow og Jeffrey Tambor úr Arrested Development.

**22.00 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.

**22.45 Mad Men** (2:13)
**23.35 Sjáðu**
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Stjórnmál og efnahagsmál eru til umræðu.

**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar í sálarlífs gest síns.

**21.30 Frumkvöðlar** Elínóra Ósk Sigurðardóttir stjórnar sínum fyrsta þætti um nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **10.45** Oliver Twist i Australien **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Robin Hood **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Jane Eyre **14.50** Mød mig på Cassiopeia **16.30** Den travle by **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet - det bedste fra 2008 **18.30** Grevinde Alexandra - hele historien **19.00** Verdens morsomste mand **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Prag **22.05** Jagten på en morder **23.50** En sag for Frost **01.05** Dommens dag

## NRK 1

**09.00** Lånerne **09.30** Billedbrev fra Europa **09.40** Skiskyttershow **11.00** NRK nyheter **11.10** Cranford **12.55** Grenseekspressen **13.05** Keiserens nye skole **13.30** Sport i dag **15.25** Hoppuka **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenøtter 2008 **18.45** 100-årstokt med DS „Børøysund" **19.15** Jakta på polarstormen **20.15** Cranford **22.00** Løsning julenøtter 2008 **22.05** Kveldsnytt **22.20** To og en ipod **22.50** Elisabet

## SVT 1

**10.00** Julkonsert - Sånger för livet **11.00** Rapport **11.05** Sportspegeln **11.35** Ett vanligt liv **12.30** Människans avtryck **13.35** 04.50 från Paddington **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Kejsaren av Portugallien **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Astrids jul **18.15** Brevbäraren och hunden **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sportens OS-krönika **20.00** Ombytta roller - julspecial **20.55** Necrobusiness **21.45** Rockabilly 514 **22.35** Åkalla **23.20** Sändningar från SVT24




## ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA



*„Óléttan hjá Maríu var mál málanna og það var voða gaman að túra með strákunum (í Sigur Rós) í sumar. Jarðskjálftinn í maí var líka eftirminnilegur. Ég kveikti á hrærivél og um leið kom skjálftinn. Ég hélt að hrærivélin væri alveg orðin brjáluð.“*

Sólrún Sumarliðadóttir í Amiinu.

# Bjórkippa undir í Áramótaskaupinu

Það er mál þeirra sem til þekkja að leikararnir Jói og Gói – Jóhannes Haukur Jóhannesson og Guðjón Davíð Karlsson – verði helstu spútnikar Skaupsins í ár. Þeir leika nú báðir í fyrsta skipti í þessum vinsælasta sjónvarpsþætti þjóðarinnar.

„Í leiklistarskólanum vorum við með veðmál um það hvor myndi leika fyrst í Skaupinu,“ segir Jói, en þeir Gói útskrifuðust frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2005. „Við héldum að ég væri búinn að vinna þetta því það var hringt í mig fyrst. Svo var hringt í Góa tveimur vikur síðar svo núna stendur veðmálið um það hvor birtist fyrst í mynd. Það er bjórkippa undir.“

Skaupið í ár er skrifað af fimm manns, Sigurjóni Kjartanssyni, Hugleiki Dagssyni, Hjálmari Hjálmarssyni, Ilmi Kristjánsdóttur og Silju Hauksdóttur, sem leikstýrir því. Svo mikið var að gerast á árinu að ný atriði bættust við fram í síðustu viku fyrir jól. Skaupið er frábrugðið fyrri skaupum að því leyti að það var tekið upp fyrir framan áhorfendur – „Dálítið eins og Saturday Night Live,“ segir Jói. „Það voru svona eitt hundrað áhorfendur og það var gaman að gera þetta svona „læf“. Maður var að fá sama „fíddbakk“ og í leikhúsinu. Sumt var tekið tvisvar, þrisvar, og áhorfendur virtust skemmta sér vel. Það var mikið hlegið. Ég vona að þeir hafi ekki bara verið svona meðvirkir.“ - drg





**HVOR BIRTIST Á UNDAN?** Annaðhvort Jói eða Gói á von á kippu á nýársdag.



**LÁRÉTT**
**2.** stynja, **6.** frá, **8.** vefnaðarvara, **9.** dýrahljóð, **11.** númer, **12.** dul, **14.** skýli, **16.** pot, **17.** mælieining, **18.** fálm, **20.** skammstöfun, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gaul, **3.** borðaði, **4.** fugl, **5.** drulla, **7.** bið, **10.** kusk, **13.** lærdómur, **15.** slæma, **16.** margsinnis, **19.** svörð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mása, **6.** af, **8.** tau, **9.** urr, **11.** nr, **12.** leynd, **14.** skáli, **16.** ot, **17.** mól, **18.** fum, **20.** al, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** baul, **3.** át, **4.** sandlóa, **5.** aur, **7.** frestur, **10.** ryk, **13.** nám, **15.** illa, **16.** oft, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 135.
2. Baldur Gíslason.
3. 10 ráð til að hætta að drepa fólk og fara að vaska upp.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HAUKUR HOLM: HRYÐJUVERKAMENN Í STAÐ RANGE ROVER-BÍLA Í FRÉTTAANNÁL STÖÐVAR 2

# Erfiðasti annáll frá upphafi

„Þetta er ekkert erfitt, nánast tíðindalaust ár,“ segir Björn Malmquist og hlær nokkuð taugaveikluðum hlátri. Enda ekki nema von. Björn sér um að ritstýra innlendum svipmyndum á RÚV þar sem farið er yfir atburði ársins 2008 í máli og myndum. Yfirleitt hefur verið af nógu að taka þegar farið er yfir fréttir hvers árs fyrir sig en segja má að 2008 hafi breyst í hálfgerða martröð fyrir annálshöfunda. „Ég er kannski ekki að naga á mér neglurnar af hræðslu yfir því að eitthvað stórvægilegt gerist eftir daginn í dag. En þetta er vissulega taugatrekkjandi starf og hver veit nema maður gæti hreinlega skúbbað í annál, það er ef eitthvað stórfenglegt gerist á gamlársdag,“ bætir Björn við og augljóst að hann er við öllu búinn.

Birni hefur þó ekki enn fallist hendur þótt af miklu sé að taka, tvær borgarstjórnir, ísbirnir, silfurdrengirnir og loks hin alræmda kreppa. „Kannski mætti skipta árinu í tvennt. Annars vegar það sem gerðist fyrir 29. september og svo allt það sem gerðist eftir það,“ segir Björn sem hefur setið sveittur yfir fréttaefni sjónvarpsstöðvarinnar frá því um miðjan nóvember.

Annáll fréttastofu Stöðvar 2 hefur oft vakið mikla athygli. Ekki síst í fyrra þegar fréttamennirnir óku um á Range Roverum í tilefni góðærisins. Haukur Holm, ritstjóri yfirlitsins, segir annað uppi á teningnum nú. „Já, Roverunum hefur verið lagt og við verðum í líki hryðjuverkamanna,“ útskýrir Haukur og tilvísunin er augljós; hryðjuverkalöggjöf Breta sem sett var á íslensku þjóðina.

Haukur er eldri en tvævetur í þessum fræðum, hefur gert ófáa annála þar sem mörgum af sögufrægustu viðburðum Íslandssögunnar hefur verið gert skil. Hann segist hins vegar ekki muna eftir öðru eins. „Nei, þeir annálar eru hálfgerður barnaleikur í samanburði við þennan,“ segir Haukur en Stöð 2 hyggst velja tíu bestu fréttir ársins. Og Kreppan, með stóru K-i, er að sjálfsögðu í fyrsta sæti með fjórum undirflokkum, fall bankanna, gjaldeyrisskortur, alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og lántökur og loks atvinnuleysi og gjaldþrot. Haukur viðurkennir að þetta sé ekki beint upplífgandi upptalning. „En við ætlum líka að reyna að hafa þetta skemmtilegt í bland. Enda tilgangslaust að ganga af fólki dauðu með tómum leiðindum og bölsýni í lok ársins.“

freyrgigja@frettabladid.is







**ÍSBIRNIR, SILFURDRENGIR OG BANKAHRUN**

Þessir þrír atburðir vega þungt í umfjölluninni um árið 2008: **ísbjarnablúsinn** í Skagafirði, **silfurverðlaunin** í Peking og loks **bankahrunið** í október.



**ERFITT VERKEFNI** Verkefni þeirra Björns Malmquist og Hauks Holm er ærið en þeir fara yfir eitt eftirminnilegasta árið í manna minnum: 2008.

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is



# Bláberjavindlar í Drekasjoppu

„Það eru engar ýkjur að sala á vafningstóbaki hefur þrefaldast síðustu mánuðina,“ segir Snorri Guðmundsson í söluturninum Drekanum á Njálsgötu. „Ég veit ekki hvernig þetta er annars staðar, en hér í 101 er fólk vant að vefja sér jónur. Tóbakið hefur hækkað svo gríðarlega á stuttu tímabili og þetta kemur lítið á óvart. Það er mikill sparnaður í að vefja sjálfur.“

Snorri hefur verið í sjoppurekstri lengi og þekkir þróunina í sölu vafningstóbaks. „Þegar ég vann á bensínstöð með pabba fyrir einum 15 árum seldist kannski einn pakki á viku, en núna fara allavega 80-100 pakkar á viku.“

Í Drekanum má fá tóbak frá Drum og Balishag, en Drum er uppselt á landinu eins og er. „Fólk er mikið að biðja um fleiri tegundir. Úti er hægt að fá 20-30 tegundir, til dæmis í Noregi þar sem ég þekki til.“

Þótt Snorri bjóði ekki upp á aðrar tóbakstegundir til að vefja býður hann upp á mikið úrval af alls konar framandi vafningspappír, bæði til að vefja sígarettur og vindla. „Við sérhæfum okkur í þessu og flytjum þetta inn sjálfir. Það selst glettilega mikið af þessu. Það er hægt að fá pappír með gríðarlega fjölbreyttu bragði, sirka hundrað tegundir. Það eru næstum allar hugsanlega bragðtegundir í þessu: vanillu, „cotton candy“, melónu og banana, svo ég nefni bara eitthvað. Vindill með bláberjabragði, það er til dæmis ekki amalegt! Sumir eru að prófa hitt og þetta og stelpurnar eru mjög hrifnar af kirsu- og jarðaberjabragðinu.“

Snorri hefur ekki hugmynd um hvernig þetta smakkast því hann er löngu hættur að reykja. „Já, ég sigraðist á þeim djöfli. Nú sel ég bara öðrum hann í góðum fílingi!“ - drg



**AUKNING Í SÖLU VAFNINGSTÓBAKS** Það er ekki allt sama tóbakið hjá Snorra Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Boot cAmp

## GERÐU EITTHVAÐ AF VITI!

*Ef þú vilt myntugufu eða frítt handklæði, þá er það þitt mál.*
*En ef þú vilt komast í besta form lífs þíns,*
*þá er **BOOT CAMP** málið fyrir þig!*







**Næsta námskeið hefst**
**5. janúar**

*Allar upplýsingar og skráningar á*
***www.bootcamp.is***

*ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!*

Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070 Boot cAmp

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Landsprent
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin
Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Viltu giftast mér, ástin mín?*

Vinur minn hefur í töluverðan tíma íhugað að biðja sér konu. Ekki þó bara einhverrar kvensniftar, heldur hinnar einu og sönnu. Reyndar hafa þau tvö prufukeyrt hjónalífið í heilan áratug með býsna vel heppnaðri sambúð og uppeldi tveggja barna, svo varla hefur hann að ráði óttast hryggbrot. En framkvæmdina þurfti samt að hugsa í þaula og ekki flana að neinu því þetta eina bónorð ævinnar skyldi vera fullkomið.

**AF EINHVERJUM** ástæðum hafði formleg hjónavígsla lítið borist í tal hjá skötuhjúunum en um hríð hafði heitmeyna grunað af kvenlegu innsæi einhverjar ráðagjörðir. Jafnvel var hún í aðra röndina farin að bíða eftir að unnustinn léti til skarar skríða, til dæmis við rómantíska máltíð á veitingahúsi og hugboð hennar var rétt; dag og nótt smíðaði hann í huganum allskyns flókin plott en lét svo ekki verða af. Fannst þegar á hólminn var komið eitthvað asnalegt að lauma trúlofunarhring í desertinn eða láta blákókunnugt fólk verða vitni að stóru stundinni. Kannski var hann einu sinni eða tvisvar á nippinu með að láta vaða, með hringinn í vasanum og allt. Einhvern veginn var bara aldrei rétti tíminn.

**VEKJARAKLUKKAN** sveik þegar síst skyldi, á aðfangadagsmorgun. Í stað þess að vakna í bítið til að ljúka síðustu verkunum áður en jólin skyllu á, klára tiltekt og skreppa út eftir grænum baunum og gjöfinni sem gleymdist að kaupa, svaf fjölskyldan kirfilega yfir sig. Húsmóðirin – unnustan, altso – hrökk upp með andfælum um miðjan morgun og í æsingi yfir tímahrakinu vakti hún afganginn af fjölskyldunni með miklum látum. Á undraskömmum tíma sviptist heimilið úr ljúfum svefnrofum í dauðans uppnám yfir því að jólin væru ónýt og engar grænar baunir til í kotinu. Stóra barnið flýtti sér að kveikja á sjónvarpinu og stilla á hæsta styrk til að yfirgnæfa gjammið í móður sinni sem úfin á náttkjólnum gaf fyrirskipanir hægri vinstri en litli barnunginn æpti og hrein og vildi fá morgunverðinn framreiddan ekki síðar en strax.

**EINMITT** þá var töfrastundin runnin upp. Með stírurnar í augunum seig biðillinn niður á hnén í sængurvöndulinn á gólfinu og fastnaði sér umbúðalaust hönd unnustunnar við háværan undirleik sjónvarpsins og litla svanga gríssins. Lifi þau hamingjusöm til æviloka.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 29. desember, 364. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.30 | 15.39 |
| Akureyri | 11.37 | 13.14 | 14.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





# 7.000 gjafakort til íslenskra heimila

Í ljósi aðstæðna í íslensku þjóðfélagi hefur Pokasjóður ákveðið að breyta út frá áralangri vinnureglu og úthluta núna 50 milljónum til Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefndar í formi gjafakorta.

Þessi tvö samtök deila út gjafakortunum til skjólstæðinga sinna um allt land. Við bjóðum þeim vel að njóta.



Melabúðin · BÓNUS · KVH · 10-11 · HAGKAUP · KASKO · KSH · netto · Þín verslun Seljabraut · Samkaup strax · Samkaup úrval · VÍNBÚÐIN

POKASJÓÐUR